

# Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík

# 2001

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur



# Ársskýrsla fræðslumála í Reykjavík

# 2001






*Hlutfall reksturs fræðslumála af heildarrrekstri málaflokka Reykjavíkur árið 2001. Heimild: Borgarbókhald*

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur



# Efnisyfirlit




Ávarp formanns fræðsluráðs .......... 7

Sjónarhorn fræðslustjóra .......... 9

1 Fræðsluráð Reykjavíkur .......... 12

2 Fræðslumiðstöð Reykjavíkur .......... 13
- Skrifstofa fræðslustjóra .......... 14
- Fjármálasvið .......... 14
- Þjónustusvið .......... 15
- Þróunarsvið .......... 17
- Skólasafnamiðstöð .......... 18
- Kynnisferðir .......... 19
- Þjónusta við skóla vegna einstakra nemenda eða nemendahópa .......... 20

3 Grunnskólar Reykjavíkur .......... 25
- Fjöldi skóla og hverfaskipting .......... 25
- Nemendafjöldi .......... 27
- Ytra skipulag skólastarfs .......... 29
- Kennsluhættir .......... 31
- Tengsl við grenndarsamfélagið .......... 34
- Síðdegisstarf í skólum .......... 37
- Sjálfstæði skóla og stjórnun .......... 38
- Starfsmenn skóla .......... 39
- Símenntun – námskeið og fræðslufundir .......... 40
- Húsnæði og búnaður .......... 44

4 Styrkir og verðlaun .......... 51
- Barnabókaverðlaun fræðsluráðs .......... 51
- Almennir styrkir og styrkveitingar úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur .......... 51
- Styrkir frá öðrum aðilum .......... 52

5 Listaskólar og fullorðinsfræðsla .......... 53
- Skólahljómsveitir .......... 53
- Námsflokkar Reykjavíkur .......... 54
- Listaskólar .......... 54

6 Ársreikningur fræðslumála í Reykjavík árið 2001 .......... 56

7 Útgáfur og viðburðir .......... 60

8 Grunnskólar Reykjavíkur - yfirlit .......... 61



# Ávarp formanns fræðsluráðs





Það eru sérstök forréttindi að hafa tækifæri til að taka þátt í mótun skólastarfs í upphafi nýrrar aldar. Oft er talað um að við stöndum á tímamótum varðandi tiltekin málefni en svo sannarlega eru aldahvörf tímamót. Tímamót sem horft verður til þegar skólastarf verður metið og mismunandi tímabil borin saman.

Ársins 2001 verður því oft minnst í ræðu og riti á vettvangi skólamála sem og annarra málaflokka. Við erum hvað ánægðust með áfangann sem náðist í kjaramálum kennara. Það er grundvallarforsenda fyrir farsæld í skólastarfi að hafa ánægt starfsfólk. Upphaf skólaársins 2001-2002 var með því friðsælla í langan tíma, þar sem sæmilega vel gekk að manna skólana. Þá voru einnig allir grunnskólarnir utan þriggja orðnir einsetnir og þannig allt annað vinnuumhverfi en fyrir aðeins sjö árum. Ég er sannfærð um að einsetningarátaksins verður minnst þegar fram líða stundir. Gríðarlega miklar breytingar hafa átt sér stað í skólum borgarinnar, ekki síst síðan yfirfærsla grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga gekk í garð.

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík, sem unnin er í víðtæku samstarfi fjölda aðila sem málið varðar, hefur áunnið sér ákveðinn sess meðal skólafólks og foreldra. Þar birtast helstu stefnumál og áherslutriði fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar. Þegar við gáfum fyrst út starfsáætlun fyrir fimm árum eða 1997, höfðu ekki allir trú á að það sem þar var sett fram næði fram að ganga. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka fyrir þá gríðarlegu vinnu sem starfsmenn hafa lagt í gerð starfsáætlunar ár hvert. Sú vinna hefur skilað árangri.

Í fyrstu starfsáætluninni 1997 kom meðal annars fram tillaga um að gera tilraun með 6-7 stunda vinnudag allra nemenda með næðisstund í hádegi. Aðeins fimm árum síðar eru allir skólar með næðisstund í hádegi og 6-7 stunda vinnudag nemenda. Skóladagurinn hefur því lengst umtalsvert og skólaárið einnig. Grundvallarbreyting hefur orðið á hraða víðnetsins og tölvuuppbyggingu skólanna. Þá er unnið markvisst að því að koma upp mötuneytum í skólunum, þannig að unnt verði að bjóða upp á heita máltíð í hádegi.

Það er margs að minnast frá árinu 2001 og í mínum huga var árið gott skólaár. Það var ánægjulegt að hittast í leikfimisalnum á Fræðslumiðstöð um jólaleytið og fagna útgáfu bókarinnar Saga Barnaskóla í Reykjavík til 1930 eftir Ármann Halldórsson. Persónulega vil ég þakka fyrir ánægjulega skólastjóraferð til Bath í Bretlandi og heimsókn norður í land. Það er nú þannig að í ferðum utan hefðbundins starfsvettvangs kynnist fólk með öðrum hætti og tengsl myndast sem dýrmætt er að eiga.

Ég þakka öllu starfsfólki skóla og Fræðslumiðstöðvar fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á umliðnum árum og óska þeim og nemendum allra heilla og velfarnaðar í lífi og starfi.

*Sigrún Magnúsdóttir*



# Sjónarhorn fræðslustjóra



Í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík sem gefin er út árlega er kynnt framtíðarsýn borgarinnar um menntamál á hennar vegum. Sett eru markmið til þriggja ára og mótuð skref sem á að stíga á árinu til að nálgast framtíðarsýnina. Á undanförnum árum höfum við reist okkur vörður til að fylgja í þróun skólastarfsins - námsvörður á leið okkar til æ betri skóla. Í starfsáætlun fræðslumála fyrir árið 2001 eru sett fimm meginmarkmið - fimm vörður - til framtíðar sem saman mynda heildarsýn á þróun skólastarfsins. Þau varða umgjörð skólastarfsins, þ.e. einsetinn skóli og 6-7 klukkustunda skóladagur, sjálfstæði skóla og styrkari stjórnun þeirra, þróun kennsluhátta í átt til einstaklingsmiðaðs náms, sérúrræði og sérkennsla sem mest á vegum skólanna sjálfra og aukin tengsl skóla við grenndarsamfélagið.

## Umfangsmikil lenging skóladagsins

Á árinu 2001 voru stigin mikilvæg skref til að ná námsvörðunum fimm. Einna hæst ber sá áfangi að ákvæði grunnskólalaga frá 1995 um lengingu skóladags nemenda kom að fullu til framkvæmda. Þetta er mjög umfangsmikil lenging. Á 7 árum hefur skóladagur nemenda lengst um 43 kennslustundir á viku (40 mínútur hver) sem dreifast á alla árganga. Það er hátt í 15% heildaraukning frá því sem verið hafði um árabil. Því er 6-7 klukkustunda vinnudagur nemenda sem verið hefur í mótun um árabil nú orðinn að veruleika. Í starfsáætlun fræðslumála 1997 var hvatt til þess að skólar nýttu viðbótarstundirnar einkum til kennslu í listum og verkmenntum.
Samfara lengingu skóladagsins hefur dvöl yngstu nemenda á skóladagvist styst til muna. Nú hefur skólaárið einnig lengst um tvær vikur eða úr 170 dögum í 180 daga og er því svipað að lengd og er t.d. í Norður-Ameríku en aðeins styttra en í sumum Evrópulöndum. Þannig hefur skólatími nemenda í 10 ára skyldunámi lengst umtalsvert sl. áratug eða um 20% vegna lengingar skóladagsins og skólaársins. Þetta kallar óneitanlega á endurskoðun aðalnámskrár og heildartíma náms til lokaprófa á framhalds- og háskólastigi.

## Víðnetið auðveldar einstaklingsmiðað nám

Markmið um einstaklingsmiðað nám er ekki nýtt af nálinni, en með tilkomu tölvu- og upplýsingatækninnar ætti að verða auðveldara en áður að nálgast það. Það var stór áfangi í þróun skólamála í Reykjavík þegar lokið var við að tengja alla skólana saman með víðneti um ljósleiðara í júní 2001.
Áfram var haldið að byggja upp og bæta tölvukost skólanna á árinu í samræmi við heildarstefnumörkun í tölvumálum grunnskólanna til 5 ára frá árinu 2000. Fullyrða má að grunnskólar Reykajvíkur séu nú í fremstu röð bæði innan lands og utan í uppbyggingu tölvutækninnar. Verkefni næstu ára er að flétta nýtingu upplýsingatækninnar æ meira inn í skólastarfið og efla sjálfstæði nemenda í námi á grunni einstaklingsáætlana. Stundir til sveigjanlegs skólastarfs sem fyrst komu til á árunum 1997 og 1998 eiga að auðvelda skólum að losa um hefðbundið bekkjarkerfi og auka sveigjanleika í starfinu.

## Skóli án aðgreiningar



Með samþykkt stefnu fræðsluráðs í sérkennslu í lok ársins var tekin ótvíræð stefna á skóla án aðgreiningar. Það var merkur áfangi. Einstakir þættir stefnunnar stuðla að sjálfstæði skóla við úrlausn á vanda nemenda og eru skólar hvattir til að viðhafa sveigjanlega kennsluhætti svo námið taki mið af ólíkum nemendum. Samkvæmt stefnunni er úthlutun fjár til sérkennslu skipt í tvennt, annars vegar til almennrar sérkennslu og miðast þá við nemendafjölda í skóla og hins vegar er fé vegna einstakra nemenda með mikla þörf fyrir séraðstoð. Sérkennslustefnan gerir ráð fyrir því að sérskólar starfi áfram fyrir innan við 1% nemenda. Á árinu bættist við nýtt sérúrræði fyrir nemendur með alvarlega geðröskun og samskipta- og hegðurnarvanda þegar Hlíðarhúsaskóli hóf störf. Þar eru nemendur sem eiga mjög erfitt með að vera í margmenni.

Til að undirstrika mikilvægi þess að finna sem fyrst á skólagöngunni nemendur sem hafa þörf á sérstuðningi í námi var lesskimunarpróf lagt fyrir nær alla nemendur í 3. bekk í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2001. Mikilvægt er að fylgjast vel með námsframvindu þeirra rúmlega 15% nemenda sem ekki náðu viðmiðum prófsins um að geta lesið sér til gagns á þessum tíma í skólagöngunni.

## Sjálfstæðir skólar

Sérstakt átak til að auka fjárhagslegt sjálfstæði grunnskóla Reykjavíkur hófst árið 1997. Segja má að meginmarkmiðum þess átaks hafi verið náð á árinu þegar úthlutun fjár til skólanna varð nemendamiðuð að mestu og allir almennir grunnskólar fengu sérstakt fjárframlag til stjórnunarstarfa, en því var fyrst úthlutað til stærstu skólanna árið 1999. Það kom til vegna nýrra verkefna sem skólarnir hafa tekið að sér á undanförnum árum en einnig vegna áherslu á dreifstýringu innan borgarkerfisins almennt. Auk þess náðist það takmark á árinu að allir grunnskólar Reykjavíkur hafa nú námsráðgjafa innan sinna vébanda.

## Skólinn mennta- og menningarmiðstöð í hverfinu

Fimmta námsvarðan sem við höfum reist til að vísa götuna fram eftir veg leiðir til nánari tengsla skóla við umhverfið, bæði mannlíf og náttúru. Ekki er ólíklegt að aukin tengsl af því tagi verði eitt megineinkenni skóla á fyrstu áratugum 21. aldarinnar. Um langa hríð hefur verið lögð mikil áhersla á samstarf skóla og foreldra um velferð nemenda í námi og mörg framfaraspor stigin í þeim efnum. En gleymum því ekki að skólinn er eign okkar allra, hvort sem við eigum börn á skólaaldri eða ekki. Auk foreldra þarf skólinn því að vera í tengslum við aðra íbúa hverfisins á öllum aldri og fyrirtæki og stofnanir sem þar eru. Þetta samstarf getur verið með ýmsu móti og þarf að vera gagnkvæmt. Markmiðið getur verið að bæta námsárangur nemenda almennt og auka þroska þeirra, að bæta lífsaðstæður þeirra sem standa höllum fæti og loks að styrkja og byggja upp innviði hverfisins.

Heimsóknir og starfskynningar fyrir nemendur í fyrirtækjum og stofnunum sem lesa má um í þessari ársskýrslu eru dæmi um samstarf af þessu tagi, svo og heimsóknir ýmissa aðila í skólann til að auðga skólastarfið. Með hverju ári sem líður ljúka fleiri nemendur í efstu bekkjum grunnskóla í Reykjavík áföngum á framhaldsskólastigi og tengslin við leikskólana eru víða mikil. Samstarf okkar við Háskóla Íslands um námskeið fyrir bráðger börn og við Félagsþjónstuna um samvinnu nemenda og eldri borgara eru önnur dæmi un slík tengsl. Margs konar fjölþjóðlegum verkefnum sem sagt er frá hér í ársskýrslunni fjölgar ár frá ári. Þau eru einnig dæmi um gefandi samskipti og samstarf skóla og samfélags.

Fjölbreytt starfsemi í skóla eftir hefðbundin skólatíma getur verið hluti af samstarfi skólans við grenndarsamfélagið. Í Reykjavík sækja nemendur tómstundanámskeið á vegum ÍTR í skólanum síðdegis eða fara í Íþróttaskóla barnanna á vegum íþróttafélagananna. Danskólar sjá um danskennslu í skólum og æ fleiri tónlistarskólar bjóða upp á byrjendanám í tónlist innan veggja grunnskóla. Einsetning skólanna gjörbreytir möguleikum í þessa veru. Skólinn getur jafnframt stuðlað að því að styrkja innviði hverfisins með því að eiga samstarf við ýmsa aðila um námskeiðahald eða aðra símenntun fyrir íbúa hverfsins og með því að félög, samtök eða hópar fái afnot af skólahúsnæðinu fyrir reglubundna starfsemi eða uppákomur af ýmsu tagi.
Það verður brátt liðin tíð að dyr skólans lokist að hefðbundnum skóladegi loknum. Skólahúsið verður opið fram á kvöld, um helgar og á sumrin fyrir fjölbreytta starfsemi íbúanna í hverfinu.

Í samstarfi skóla við samstarfsaðila í grenndarsamfélaginu er nauðsynlegt að huga að hag beggja. Skólinn hlýtur stuðning frá samstarfsaðilum og lætur sitt í té á móti. Þannig hafa báðir aðilar hag af samstarfinu. Á þennan hátt tengjast saman fjölmargir aðila sem bera sameiginlega ábyrgð á framtíð nemenda skólans sem borgara, starfsmanna í atvinnulífinu og foreldra.

## Samstarf um undirbúning nýs skóla

Undirbúingur nýs skóla í Grafarholti, Ingunnarskóla, sem fram fór á fyrri hluta ársins, er dæmi um aukið samstarf íbúa og borgaryfirvalda. Um 30 manna hópur fólks skipaður foreldrum, skólafólki, arkitektum, fulltrúum fyrirtækja og stofnana og byggingaraðilum fór í gegnum ákveðið undirbúningsferli, undir stjórn bandarísks arkiteks. Hann hefur tekið þátt í að þróa 12-14 þrepa kerfi þar sem fjallað er um undirbúning hönnunar sem rekur sig frá hinu almenna til hins sérstæða. Í upphafi var almennt umhverfi og umgjörð skólastarfsins skoðuð og síðan fikraði hópurinn sig nær skólanum sjálfum, innra starfi hans og útliti. Með vönduðum undirbúningi af þessu tagi verður skólahús án efa hagkvæmari og betri bygging en ella.



## Í hópi bestu skóla innan lands og utan

Grunnskólar í Reykjavík voru 45 talsins við lok ársins 2001, en á árinu tóku þrír nýir skólar til starfa, Víkurskóli, Ingunnarskóli og Hlíðarhúsaskóli. Álftamýrarskóli varð einsetinn, síðdegisbekkjum fækkaði úr 36 á síðasta ári í 25 og hafnar voru byggingaframkvæmdir við þá fjóra skóla sem enn voru tvísetnir. Nemendum fjölgaði frá fyrra ári um rúmlega 180 og voru í lok árs um 15.500 sem er um þriðjungur grunnskólanema í landinu.
Starfsmenn skólanna voru um 2.200. Heildarvelta fræðslumála var rúmlega 7 milljarðar kr., en framlag borgarinnar þar af var um 6,5 milljarðar kr., sbr. ársreikning sem hér birtist, og var það um þriðjungur af útgjöldum borgarsjóðs. Fræðslumálin skipa því gríðarlega stóran sess í borgarmyndinni og þjónustu Reykjavíkurborgar við íbúana og það er skólunum metnaðarmál að veita góða þjónustu. Viðmið um góðan skóla voru samþykkt í fræðsluráði í desember 1999, en með starfsáætlun 1998 var sett það leiðarljós að grunnskólar borgarinnar séu í hópi bestu skóla innan lands og utan. Erfitt er að mæla hvernig til tekst í þeim efnum, en samræmd próf gefa vissar vísbendingar. Reykvískir nemendur voru með hæstu meðaleinkunn yfir landið í samræmdum prófum, í báðum greinum í 7. bekk og í öllum fjórum greinum í 10. bekk á árinu 2001 eins og undanfarin ár. Stöðu grunnskóla í landinu mátti sjá í niðurstöðum úr alþjóðlegri könnun, svonefndri Pisa-könnun, sem birtar voru á árinu en þar var Ísland meðal hæstu þjóða. Við höldum áfram að varða veginn góðum áformum og höfum að leiðarljósi að grunnskólar borgarinnar séu góðir skólar þar sem nemendum líður vel og ná góðum árangri – skólar í hópi þeirra bestu.

*Gerður G. Óskarsdóttir*

# 1 Fræðsluráð Reykjavíkur

Fræðsluráð Reykjavíkur fer með yfirstjórn skólamála í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur annast stjórnsýslu fræðsluráðs. Borgarráð staðfesti samþykkt fyrir fræðsluráð í júlí 1996 og starfaði ráðið eftir henni. Á árinu 2001 voru haldnir 26 fundir í fræðsluráði Reykjavíkur.

## Aðalmenn í fræðsluráði

Sigrún Magnúsdóttir, formaður
Hrannar B. Arnarsson, varaformaður
Sigrún Elsa Smáradóttir
Guðlaugur Þór Þórðarson
Guðrún Pétursdóttir

## Varamenn

Guðrún Erla Geirsdóttir
Arngrímur Viðar Ásgeirsson
Árni Þór Sigurðsson
Bryndís Þórðardóttir
Margrét Theódórsdóttir

## Áheyrnarfulltrúar

Hannes Kr. Þorsteinsson,
Kennarafélagi Reykjavíkur

Elín Vigdís Ólafsdóttir,
Kennarafélagi Reykjavíkur

Erna M. Sveinbjarnardóttir/
Ellert Borgar Þorvaldsson,
Skólastjórafélagi Reykjavíkur

Óskar Ísfeld Sigurðsson,
Samfok, Sambandi foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur.

Fræðslustjóri og forstöðumenn sviða Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur sátu fundi fræðsluráðs, auk skrifstofustjóra sem ritaði fundargerðir.

## Skipurit fræðslumála í Reykjavík og skipurit Fræðslumiðstöðvar

Skipurit fræðslumála lýsir skipan fræðslumála innan borgarkerfisins. Skipulag Fræðslumiðstöðvar á árinu 2001 miðaðist við skipurit sem staðfest var í borgarráði á árinu 2000.

*Mynd 1.1*

Skipurit fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar




*Mynd 1.2*

Skipurit Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur



# 2 Fræðslumiðstöð Reykjavíkur



Hlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur er að annast, í umboði fræðsluráðs, yfirstjórn menntamála á vegum Reykjavíkurborgar. Haustið 2001 heyrðu 40 grunnskólar undir Fræðslumiðstöð, þar af 6 sérskólar, auk fjögurra skólahljómsveita og Námsflokka Reykjavíkur. Þá sá Fræðslumiðstöð einnig um fastar fjárveitingar til fimm einkaskóla á grunnskólastigi, 15 tónlistarskóla sem störfuðu á öllum skólastigum og eins myndlistarskóla. Fræðslumiðstöð hafði einnig umsjón með styrkveitingum fræðsluráðs á sviði menntamála. Að auki heyrði rekstur skóladagvistar fyrir yngri árganga grunnskólanna undir Fræðslumiðstöð.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur skiptist í þrjú svið þróunarsvið, þjónustusvið og fjármálasvið, auk skrifstofu fræðslustjóra sem sett var á laggirnar á miðju ári.

## Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur

Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur er:

- Að hafa með höndum yfirstjórn skólamála í Reykjavík;
- Að vera faglegt forystuafl í skólamálum borgarinnar og undirbúa stefnumótun fræðsluráðs um starfsemi og uppbyggingu grunnskóla;
- Að sjá til þess að lögum og reglugerðum um grunnskóla svo og ákvörðunum borgaryfirvalda í fræðslumálum sé framfylgt í borginni;
- Að skipta fjármunum milli grunnskóla borgarinnar og hafa eftirlit með nýtingu fjármagns;
- Að veita grunnskólum Reykjavíkur og öðrum menntastofnunum sem styrktar eru af borginni faglega og fjárhagslega ráðgjöf og þjónustu;
- Að hafa yfirsýn yfir skólastarf í Reykjavík og þær hugmyndir sem eru á döfinni um þróun þess;
- Að veita stofnunum borgarinnar og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um fræðslumál og taka þátt í verkefnum á vegum borgarinnar sem tengjast fræðslumálum.

Samþykkt af fræðsluráði 10. október 2000.

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík er gefin út árlega af Fræðslumiðstöð. Áætlunin er unnin í víðtæku samstarfi fræðsluráðs og starfsmanna Fræðslumiðstöðvar við skólastjórnendur, kennara og foreldra. Fræðslustjóri ritstýrir útgáfunni.

## Stjórnendur hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur á árinu 2001

- Dr. Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri
- Runólfur Birgir Leifsson, forstöðumaður fjármálasviðs, staðgengill fræðslustjóra
- Arthur Morthens, forstöðumaður þjónustusviðs
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður þróunarsviðs, Kristín Jónsdóttir leysti hana af til 1. ágúst.
- Guðmundur Þór Ásmundsson, skrifstofustjóri á skrifstofu fræðslustjóra
- Dagný Leifsdóttir, deildarstjóri fjárhags- og launadeildar
- Júlíus Sigurbjörnsson, deildarstjóri rekstrardeildar
- Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarstjóri kennsludeildar (í námsleyfi frá 1. ágúst), Birna Sigurjónsdóttir frá 1. ágúst
- Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri sálfræðideildar
- Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri
- Björg Eva Erlendsdóttir, upplýsingafulltrúi/Guðrún Hjartardóttir frá 1. nóvember
- Jón Ingvar Valdimarsson, deildarstjóri tölvudeildar

Áslaug Brynjólfsdóttir var umboðsmaður foreldra og skóla til 1. september en þá tók Matthildur G. Guðmundsdóttir tímabundið við starfi ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla. Forstöðumaður Skólasafnamiðstöðvar, sem starfar í tengslum við Fræðslumiðstöð, er Margrét Björnsdóttir.

## Skrifstofa fræðslustjóra

Á skrifstofu fræðslustjóra starfa, auk fræðslustjóra, skrifstofustjóri, sem er aðstoðarmaður fræðslustjóra, starfsmannastjóri, upplýsingafulltrúi, ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla og ritari fræðslustjóra.

### Fræðslustjóri:

- er framkvæmdastjóri fræðslumála á vegum Reykjavíkurborgar
- vinnur að stefnumörkun og mótun framtíðarsýnar í málefnum grunnskóla og sér til þess að ákvarðanir þar um byggi á grunni upplýsinga
- tekur við erindum sem berast fræðsluráði og undirbýr fundi þess ásamt formanni
- vinnur að því að þjónusta við nemendur, foreldra þeirra, kennara og skólastjórnendur sé í samræmi við lög og stefnu borgarinnar og fylgist með væntingum í þeim efnum
- sér til þess að skólastjórar fái stuðning í starfi, s.s. með ráðgjöf um stjórnun, starfsmannamál, foreldrasamstarf og almannatengsl, símenntunartilboðum, sameiginlegum fundum og starfsmannasamtölum
- stýrir daglegu starfi Fræðslumiðstöðvar og hefur forystu og frumkvæði um uppbyggingu hennar og skipulag
- samhæfir starfsemi sviða og deilda á Fræðslumiðstöð og sér til þess að starfsáætlunum og stefnumörkun sé framfylgt
- annast samskipti út á við, s.s. við yfirstjórn borgarinnar, aðrar borgarstofnanir, fræðsluskrifstofur í öðrum sveitarfélögum og erlendis.

Hlutverk ritara fræðslustjóra er meðal annars að hafa yfirlit yfir erindi sem berast fræðslustjóra, sjá um bréfaskriftir og skjalastýringu, undirbúa fundi og skipuleggja viðtalstíma fræðslustjóra. Starfsmannastjóri starfar að ráðningum og starfsþróun, veitir ráðgjöf varðandi túlkun kjarasamninga og úrlausn einstaklingsmála, hefur samskipti við stéttarfélög og sér um símenntun. Skrifstofustjóri er meðal annars tengiliður fræðslustjóra við skólastjóra. Hann aðstoðar fræðslustjóra við undirbúning og eftirfylgni fræðsluráðsfunda, deilir út erindum sem berast fræðsluráði og fræðslustjóra til annarra starfsmanna og fylgist með afgreiðslu þeirra. Upplýsingafulltrúi sér meðal annars um samskipti við fjölmiðla, hefur umsjón með heimasíðu, útgáfu fréttabréfs og ársskýrslu, auk þess sem hann kemur að undirbúningi viðburða og veitir upplýsingar út á við um starfsemi Fræðslumiðstöðvar og grunnskólastarf almennt. Umboðsmaður foreldra og skóla/ ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla sinnir einkum málefnum einstakra barna sem til hans er vísað, bæði frá foreldrum og skólum. Auk þess leitar fjöldi foreldra til rágjafans með fyrirspurnir sem varða nemendur og kennslu almennt.

## Fjármálasvið

Fjármálasvið hefur yfirumsjón með fjármálum fræðslumála í Reykjavík. Helstu verkefni tengjast stefnumörkun, fjárhagsáætlun, launaafgreiðslu, bókhaldi, rekstrarþjónustu og ráðgjöf. Sviðið skiptist í þrjár deildir, fjármálastjórnun, fjármálaþjónustu og rekstrarþjónustu. Fjármálastjórnun sinnir einkum verkefnum sem tengjast fjárhagsáætlun, rekstraráætlun, tölfræði og eftirliti með fjármálum. Fjármálaþjónusta skiptist í launadeild og bókhald. Launadeildin annast launaafgreiðslu til allra starfsmanna sem undir fræðslumálin heyra eða alls um 2.500 manns. Bókhaldið sér um bókhaldsþjónustu fyrir alla skóla og aðrar rekstrareiningar innan fræðslumálanna.





Rekstrarþjónusta fylgist með viðhaldi húsnæðis skóla og búnaðarmálum og annast miðlæga þjónustu á Fræðslumiðstöð, s.s. afgreiðslu, símavörslu og skjalasafn.

## Starfsmenn fjármálasviðs

Starfsmenn sviðsins voru 24 á árinu. Forstöðumaður sá um yfirstjórn og samhæfingu á sviðinu. Í nýrri deild, fjármálastjórnun, eru þrír starfsmenn, auk deildarstjóra, í samtals fjórum stöðugildum. Auk deildarstjóra er einn starfsmaður sem sinnir fjárhagsáætlunargerð og ýmsum útreikningum, einn sem annast gerð reikninga og þjónustusamninga og einn sem fer á milli deilda og aðstoðar þegar álag er mest, s.s. í launadeild á haustin og í bókhaldi um og eftir áramót.
Í fjármálaþjónustu störfuðu níu starfsmenn í níu stöðugildum. Auk deildarstjóra önnuðust fimm starfsmenn launaafgreiðslu og þrír bókhald. Í rekstrarþjónustu störfuðu 10 starfsmenn í 8,1 stöðugildi. Auk deildarstjóra sáu fjórir starfsmenn um viðhalds- og búnaðarmál, einn um skjalavörslu, einn um húsvörslu og þrír unnu við afgreiðslu, símavörslu og ritaraþjónustu.

## Áherslur árið 2001

- Um haustið var tekið í notkun nýtt reiknilíkan til úthlutunar á fjárhagsramma. Líkanið reiknar kennslumagn til skóla út frá fjölda nemenda, en ekki fjölda bekkjardeilda eins og áður tíðkaðist. Þá má segja að úthlutun fjármagns til skóla fari að mestu eftir nemendafjölda hverju sinni.
- Allir almennir grunnskólar og einn sérskóli fengu aukið fjármagn til stjórnunar.
- Skólum var í fyrsta sinn gert að skila rekstraráætlunum til Fræðslumiðstöðvar. Útbúið var reiknilíkan til að auðvelda skólunum gerð rekstraráætlunar.
- Innleiðing nýs kjarasamnings kennara leiddi af sér miklar annir hjá launadeild og breytingar á launaskráningu. Mikill tími fór m.a. í að keyra svonefnda pottflokka inn í launakerfið. Var það gert með excelskjali (Pottormi).
- Tekið í notkun forritið Skilvísi, en það tekur við yfirvinnuskýrslum skólanna rafrænt yfir internetið.
- Stofnuð ný deild á fjármálasviði, fjármálastjórnun. Helstu verkefni deildarinnar snúa að fjárhagsáætlun, starfsáætlun, þriggja ára áætlun, rekstraráætlunum, fjármálalegri ráðgjöf, fjárhagseftirliti, umsjón með útboðum, fjármálalegri tölfræði, innheimtumálum, uppgjörsmálum (t.d. við einkaskóla, tónlistarskóla og sveitarfélög) og samningsgerð, s.s. gerð þjónustusamninga.
- Bókhaldsreglum borgarinnar var breytt á árinu þannig að í árslok á afgangur eða halli að flytjast á milli ára hjá öllum málaflokkum. Ákveðið var að láta reglurnar einnig ná til stofnana málaflokksins, en málaflokkar höfðu ákveðið val þar um.

# Þjónustusvið

Þjónustusvið veitir kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skóla, nemendum og aðstandendum þeirra kennsluráðgjöf og sálfræðilega þjónustu. Á þjónustusviði eru tvær deildir. Sálfræðideild sinnir greiningum á nemendum og sálfræðilegri ráðgjöf til starfsfólks skóla og veitir í sumum tilvikum foreldrum einnig ráðgjöf vegna skólagöngu barna þeirra. Sálfræðingar sálfræðideildar sitja fundi í nemendaverndarráðum skólanna og vinna að verkefnum innan skóla í samráði við skólastjóra og nemendaverndarráð. Kennsludeild veitir kennsluráðgjöf í einstökum námsgreinum, bekkjarkennslu, sérkennslu og nýbúakennslu. Þar er einnig boðið upp á leiðsögn um þróun kennsluhátta og mat á skólastarfi. Jafnframt er unnið að símenntun kennara í samráði við starfsmannastjóra Fræðslumiðstöðvar, skólastjóra og kennara. Kennsluráðgjafar meta skólanámskrár grunnskóla borgarinnar fyrir hönd fræðsluráðs. Kennsluráðgjafar starfa í fjölmörgum samstarfsverkefnum sem fulltrúar Fræðslumiðstöðvar og tengiliðir við grunnskóla borgarinnar.

Samstarf kennsluráðgjafa og sálfræðinga á þjónustusviði fer m.a. fram í þverfaglegum teymum sem sinna mismunandi verkefnum, s.s. skólabyrjun, sérkennslu, alvarlegum einstaklingsmálum, þroskahömlun, einhverfu og eineltismálum.

## Starfsmenn þjónustusviðs

Starfsmenn á þjónustusviði voru 24 á árinu. Forstöðumaður og deildarstjórar sálfræði- og kennsludeildar höfðu forystu og frumkvæði um starfsemi sviðsins. Á kennsludeild störfuðu 12 starfsmenn í 10,5 stöðugildum að meðtöldum deildarstjóra. Kennsluráðgjöf var í höndum kennsluráðgjafa. Fjórir skiptu með sér almennri ráðgjöf í borgarhlutunum fjórum, þrír kennsluráðgjafar í 2,35 stöðugildi skiptu með sér sérkennsluráðgjöf, þ.m.t. ráðgjöf á sviði einhverfu, tveir sinntu kennsluráðgjöf og kennslu í norsku og sænsku og tveir ráðgjöf og skipulagningu kennslu nýbúa. Kennsluráðgjafar tóku þátt í undirbúningi skólabygginga. Starfsmaður í Vinnuskóla Reykjavíkur sem hefur umsjón með starfstengdu námi nemenda í efstu bekkjum grunnskólans er launaður af Fræðslumiðstöð að tveimur þriðju. Alls voru um 70 nemendur í starfstengdu námi í samvinnu Vinnuskólans og grunnskólanna skólaárið 2001.

Á sálfræðideild störfuðu 12 sálfræðingar í 11 stöðugildum, að meðtöldum deildarstjóra. Þeir sinntu greiningu á nemendum sem er stærsti hluti starfs þeirra. Í framhaldi af greiningu veittu þeir ráðgjöf til kennara og annars starfsfólks skóla og foreldra. Þeir unnu að atferlisgreiningu og atferlismótun nemenda sem eiga erfitt með samskipti og hegðun. Sálfræðingar unnu ennfremur að mati á stöðu sex ára barna í öllum grunnskólum borgarinnar.

## Áherslur árið 2001

- Haldin voru 8 námskeið um þróun kennsluhátta í jafnmörgum skólum með þátttöku allra kennara skólanna. Þau höfðu það að markmiði að auðvelda skólum áframhaldandi þróun kennsluhátta í átt til einstaklingsmiðaðs náms, meðal annars með gerð námsáætlana fyrir einstaklinga. Auk þess voru haldin þrjú námskeið um notkun upplýsingatækni í skólastarfi.
- Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í þriðja bekk í 29 skólum að hausti 2001. Tilgangur þess var að fá heildarmynd af lestrargetu nemenda á þessum aldri í Reykjavík og gera kennurum og skólum kleift að setja sér markmið um framfarir nemenda, með samanburði við stærri heild. Lögð er áhersla á að sem flestir nemendur geti lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar.
- Í nýbúafræðslu var lögð áhersla á að skólar mótuðu sér stefnu í nýbúamálum sem birtist í starfsáætlun skóla.
- Sérkennslustefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í fræðsluráði haustið 2001. Undirbúningur að framkvæmd hennar hófst þegar eftir samþykkt hennar.
- Haustið 2001 tók Hlíðarhúsaskóli til starfa en hann er sérúrræði og ráðgjafarmiðstöð fyrir nemendur með alvarlegar geðraskanir eða samskipta- og hegðunartruflanir.
- Undirbúið var tungumálaver í Laugalækjaskóla sem sinna á ráðgjöf og tungumálakennslu og fjarkennslu í norsku og sænsku.
- Haldin voru fjögur námskeið um lestrarkennslu og greiningu lestrarerfiðleika.
- Kennsluráðgjafar héldu um 50 fræðslufundi um nám og kennslu fyrir starfsmenn skóla, auk þess reglulega samráðsfundi fyrir kennarahópa, s.s. sérkennara, námsráðgjafa, talkennara, smíða- og textílkennara og dönskennara.
- Í tengslum við átak í stærðfræði- og náttúrufræðikennslu voru skipulögð nokkur námskeið í samstarfi við móðurskóla í þessum greinum. Gerður var vefur um náttúrufræðikennslu.
- Námskeið fyrir bráðger börn og verkefni við þeirra hæfi var skipulagt af kennsluráðgjafa í samvinnu við Heimili og skóla og Háskóla Íslands.
- Unnið var að undirbúningi að stofnun Vesturgarðs í samvinnu við Félagsþjónustuna, Leikskóla Reykjavíkur og Íþrótta- og tómstundaráð.





- Kennsluráðgjafi kom að undirbúningi sameiningu Vesturhlíðarskóla og Hlíðaskóla.
- Kennsluráðgjafar stýrðu framkvæmd Stóru upplestrarkeppninnar í grunnskólum Reykjavíkur.
- Ný samstarfsverkefni á árinu voru Töfrar Elliðaárdalsins og Lesið í skóginn en þar var sérstök áhersla lögð á umhverfisfræðslu í samstarfi við ýmsa aðila.
- Sálfræðingar tóku þátt í fræðslunámskeiðum fyrir foreldra 6 ára barna í um helmingi grunnskóla borgarinnar.
- Þrjú greiningarpróf voru þýdd.

# Þróunarsvið

Helstu hlutverk þróunarsviðs eru að safna og vinna úr gögnum um skólastarf og skipuleggja upplýsinga- og samskiptatækni á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur auk áætlanagerðar og rannsóknavinnu. Sviðið hefur umsjón með tölvuvæðingu skóla og mótar stefnu í tölvumálum í samvinnu við tölvuumsjónarmenn. Á þróunarsviði er unnið úr gögnum um skólastarf í Reykjavík, skipulögð skráning og innritun nemenda og spár gerðar um nemendafjölda. Þar er einnig fylgst með því að börn með lögheimili í Reykjavík uppfylli skólaskyldu. Rannsóknir og kannanir Fræðslumiðstöðvar eru í umsjón þróunarsviðs. Þar eru gerðar langtímaáætlanir, svo sem um tölvuvæðingu og fleiri þætti í skólastarfi. Þróunarverkefni í grunnskólunum svo sem móðurskólarnir njóta stuðnings þróunarsviðs. Starfsmannastjóri starfaði á sviðinu fyrri hluta ársins en flutti þá yfir á skrifstofu fræðslustjóra. Þann 1. júní 2001 var tölvudeild formlega stofnuð og verkefnisstjóri tölvumála var ráðinn deildarstjóri.

## Starfsmenn þróunarsviðs

Starfsmenn þróunarsviðs voru sjö á árinu í 6,5 stöðugildum. Forstöðumaður veitti uppbyggingu og skipulagi þróunarsviðsins forystu. Deildarstjóri tölvudeildar sá um tölvumál grunnskólanna í samvinnu við tölvuumsjónarmenn þeirra. Tveir starfsmenn tölvudeildar sinntu uppbyggingu og tölvuþjónustu við grunnskólana, Fræðslumiðstöð og Námsflokkana. Tveir sérfræðingar á þróunarsviði störfuðu við rannsóknir og tölfræðiúrvinnslu gagna og nemendaskrárritari hafði umsjón með nemendaskrá.

## Áherslur árið 2001

- Í samvinnu við Íþrótta- og tómstundaráð og Samstarfsnefnd Reykjavíkur um afbrota- og fíkniefnavarnir var gerð ítarleg könnun meðal allra barna í 5.-10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur á líðan og samskiptum í skóla, félagsstarfi og tómstundum og vímuefnaneyslu. Könnunin fékk yfirheitið „Börnin í borginni“.
- Lokið var lagningu ljósleiðaranets fyrir grunnskóla Reykjavíkur, svokallaðs Skólanets og unnið að því að skilgreina notkun þess til að ná sem mestri hagkvæmni í rekstri og til að nýta þá möguleika sem slíkt net gefur í kennslu.
- Þá var hafinn undirbúningur að verkefninu Valgreinakennsla og samstarf skóla sem er þróunarverkefni í Fella-, Rima- og Langholtsskóla með styrk frá þróunarsjóði menntamálaráðuneytisins. Höfuðmarkmið þess er að þróa leið til að auka valgreinaframboð í unglingadeildum með því að nýta Skólanetið. Áformað er að hefja kennslu fjögurra sameiginlegra valgreina í skólunum þremur.
- Sviðið hafði umsjón með tölvubúnaði vegna rafrænna kosninga um Reykjavíkurflugvöll.
- Haldin var samkeppni meðal grunnskólanema um heimasíðugerð þar sem keppt var í efnisflokkunum Betri borg, Landafundirnir miklu og Könnun geimsins.
- Í tengslum við sérstakt átak borgarinnar í ráðningarmálum kennara var gerð könnun meðal nýrra kennara og niðurstöður birtar í skýrslunni: „Könnun meðal nýrra kennara: Um kynningu og leiðsögn í starfi við grunnskóla Reykjavíkur 2000-2001“.

- Verkefnið Bráðger börn var metið með viðhorfakönnun meðal þátttakenda.
- Mat var gert á svokölluðu Skólavinaverkefni, ásamt kennsludeild, Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur (ÍTR), Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar í afbrota- og fíkniefnavörnum (SAF-nefndin), Austurbæjarskóla og Árbæjarskóla.
- Unnið var úr niðurstöðum úr lesskimunarprófi sem lagt var fyrir nemendur í 3. bekk í grunnskólum Reykjavíkur í október en ráðgert er að það próf verði árlega lagt fyrir nemendur í lok 2. bekkjar.
- Gerð var spá um fjölda nemenda í grunnskólum Reykjavíkur til næstu tíu ára, þ.e. til ársins 2012.
- Undirbúningsvinna hófst vegna nýs upplýsingakerfis fyrir grunnskóla Reykjavíkur ásamt starfshópi sem í eiga sæti forstöðumaður þróunarsviðs, deildarstjóri tölvudeildar og þrír skólastjórnendur, en verkefni starfshópsins eru
  1) að móta framtíðarsýn fræðslumála í Reykjavík í notkun upplýsingatækni;
  2) að lýsa þeim upplýsingakerfum sem eru í notkun í grunnskólum Reykjavíkur;
  3) að gera kröfulýsingu fyrir heildstætt upplýsingakerfi grunnskóla;
  4) að meta hvort núverandi upplýsingakerfi geti með aðlögun og þróun fullnægt kröfum og
  5) að móta reglur um skráningu upplýsinga í skólum.
- Gengið var frá viðmiðum vegna skólabygginga og búnaðar ásamt kennsludeild og rekstrardeild sem samþykkt voru í fræðsluráði þann 26. mars 2001 og gefin út í skýrslunni: „Áherslur fræðsluráðs Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar um grunnskólabyggingar“.

Deildarstjóri tölvudeildar sat fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar í stýrihópi um notkun upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg.

Forstöðumaður þróunarsviðs sat fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar í stýrihópi borgarstofnana um rannsóknir og í stýrihópi um gagnastefnu Reykjavíkurborgar.

# Skólasafnamiðstöð

Skólasafnamiðstöð þjónar skólasöfnum grunnskóla Reykjavíkur.
Þar er tekið við bókapöntunum frá skólunum, bækur og önnur gögn skólasafna og sérdeilda eru flokkuð, skráð og plöstuð (töflur 2.1 og 2.2).

*Tafla 2.1*

Yfirlit yfir flokkun og skráningu á skólasafnamiðstöð 1998-2001

| Efnisflokkar | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| Íslenskar fræðibækur | 267 | 205 | 250 | 168 |
| Íslenskar skáldsögur | 136 | 88 | 66 | 92 |
| Erlendar bækur | 1.096 | 1.779 | 1.626 | 720 |
| Önnur gögn | 332 | 194 | 237 | 182 |
| **Samtals** | **1.831** | **2.226** | **2.179** | **1.162** |

Á Skólasafnamiðstöð er veitt ráðgjöf til starfsfólks skólasafna. Val bóka á skólasöfn er í höndum starfsfólks skólanna sjálfra. Til að auðvelda valið eru haldnir bókavalsfundir með skólasafnakennurum og bókasafnsfræðingum skólanna nokkrum sinnum á vetri. Átta bókavalsfundir voru haldnir á árinu 2001.

*Tafla 2.2*

Frágangur safngagna, eintakafjöldi 1998-2001[1)]

| 1998 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|
| 20.132 | 18.963 | 22.035 | 20.668 |

1) Prentun á strikamerkjum og plöstun.

## Starfsmenn Skólasafnamiðstöðvar

Á Skólasafnamiðstöð störfuðu sex starfsmenn í fimm stöðugildum árið 2001.

## Áherslur árið 2001

- Haldið var áfram að yfirfara skráningar og undirbúa yfirfærslu í nýtt bókasafnskerfi.
- Tímaritsgreinar voru efnisteknar.
- Nokkur bekkjarsett af skáldsögum og fræðiritum fyrir börn og unglinga voru keypt í miðsafn.
- Haldin var árleg ráðstefna um barna- og unglingabókmenntir 3. mars í Gerðubergi í samvinnu við Menningarmiðstöðina Gerðuberg, Börn og bækur, Íslandsdeild IBBY, Upplýsingu, Félag skólasafnakennara og Síung.





# Kynnisferðir

Forystuhlutverki Fræðslumiðstöðvar í skólamálum fylgir það verkefni að kynna sér þróun skólamála í öðrum löndum. Kynnisferðir til útlanda eru því fastur liður í starfsemi Fræðslumiðstöðvar.

Fræðslustjóri sótt árlegt þing fræðslustjóra í Bandaríkjunum sem haldið var í Orlando, Flórída 17.-20. febrúar, veitti árlegri námsferð skólastjóra forystu en hún var að þessu sinni farin til Bath í Englandi í apríl og sótti ráðstefnu á vegum alþjóðlegra samtaka um framtíðarborgir og mælingu á lífsgæðum, sem haldin var í Farum í Danmörku 4.-7. nóvember. Þetta árið stóð fræðslustjóri Reykjavíkur fyrir árlegum fundi fræðslustjóra í höfuðborgum Norðurlanda sem haldinn var í Reykjavík 10.-13. júní. Hann var sóttur af fræðslustjórum allra höfuðborga Norðurlanda og var meginþemað framtíðarskólinn.

Forstöðumaður þjónustusviðs og deildarstjóri kennsludeildar sóttu norræna samstarfsráðstefnu starfsfólks á fræðsluskrifstofum höfuðborga Norðurlanda sem að þessu sinni var haldin í Stokkhólmi 19.-21. september. Þema ráðstefnunnar var árangursstjórnun, eftirlit og mat á skólastarfi. Forstöðumaður þjónustusviðs sótti ásamt 6 fulltrúum menntamálaráðuneytisins ráðstefnu á vegum European Agency for Development in Special Need Education og Evrópuráðsins sem haldin var í Brussel 25.-26. október. Ráðstefnan fjallaði um stefnumótun Evrópubandalagsins í sérkennslu og skólagöngu fatlaðra út frá mannréttindasáttmálum og Salamanca-yfirlýsingunni.

Í janúar fór 60-70 manna hópur úr Reykjavík á BETT 2001 sem er hugbúnaðar- og kennslutækjasýning sem sérstaklega snýr að sérkennslu og tölvu- og upplýsingatækni. Sýningin er haldin árlega í London á vegum breska menntamálaráðuneytisins. Deildarstjóri tölvudeildar stóð fyrir skipulagningu ferðarinnar sem í voru skólastjórnendur, kennarar í tölvufræðum og tölvuumsjónarmenn. Þá fóru starfsmenn tölvudeildar á CEBIT tæknisýningu í Hannover í mars að kanna IP símamál. Í desember fór deildarsjóri tölvudeildar til Kaupmannahafnar að kynna sér IT kørekort eða tölvufærniskírteini. Skrifstofustjóri fræðslustjóra og forstöðumaður fjármálasviðs fóru 19.-25. september til Bled í Slóveníu á ENIRDEM ráðstefnu um stjórnun í skólamálum (educational management).

Forstöðumaður þjónustusviðs, skrifstofustjóri fræðslustjóra, skólastjóri Vesturhlíðaskóla, arkitekt Hlíðaskóla og starfsmaður á byggingardeild borgarverkfræðings fóru í kynnisferð í Sdr. Parkskolen í Ringsted í Danmörku 22.-23. mars en skólinn er almennur grunnskóli með sérstaka deild fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta. Þessi ferð var liður í undirbúningi að sameiningu Hlíðaskóla og Vesturhlíðarskóla.

Deildarstjóri sálfræðideildar fór á ráðstefnu félags sálfræðinga í Evrópu (EFPPA) sem haldin var í London 1. - 6. júlí. Fjórir sálfræðingar fóru á alþjóðaráðstefnu félags sálfræðinga í skólum (ISPA) sem haldin var í Frakklandi þar sem meginþemað var sálfræði og menntun á 21. öldinni.

# Þjónusta við skóla vegna einstakra nemenda eða nemendahópa

Fræðslumiðstöð veitir einstökum nemendum og nemendahópum margvíslega þjónustu.

## Einstaklingsmál í umfjöllun hjá umboðsmanni foreldra og skóla/ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla

Á árinu var 122 málum vísað til umboðamanns foreldra og skóla/ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla eða ívið færri en árin tvö þar á undan þegar um 130 málum var vísað til hans (mynd 2.1). Mál komu oftar frá foreldrum en skólum eða í 71 tilfelli á móti 51 (tafla 2.3). Í beiðnum frá foreldrum voru helstu ástæður einelti, vanlíðan, skólafælni, vímuefnavandi, erfiðar félagslegar aðstæður eða óánægja með skóla eða kennara. Í beiðnum frá skólum voru léleg skólasókn, erfiðar félagslegar aðstæður, aga- og hegðunarvandi og geðræn vandamál helstu ástæður (tafla 2.4).

## Einstaklingsmál til umfjöllunar hjá forstöðumanni þjónustusviðs

Árlega koma upp flókin og þung mál einstaklinga í skólum sem vísað er til forstöðumanns þjónustusviðs til úrlausnar (tafla 2.5). Með tilkomu einstaklingsmálateymis haustið 2000 hefur þessum málum til forstöðumanns fækkað nokkuð. Samtals vann hann að málefnum 59 einstaklinga á árinu 2001 í samanburði við 68 mál á árinu 2000 og 80 mál á árinu 1999 (tafla 2.6).

Eins og undanfarin ár voru málefni drengja í miklum meirihluta eða í 49 tilvikum á móti 10 málum stúlkna. Að þessu sinni er aldursdreifning á milli unglingastigs, yngri barna og miðstigs nánast jöfn og skiptist þannig að 7 mál voru í 1.-4. bekk, á miðstigi, 5.-7. bekk, voru málin 22 og á unglingastigi 30. Þetta árið fjölluðu flest mál um fatlaða einstaklinga og sérkennsluúrræði þeim til handa eða 17 mál.

*Mynd 2.1*

**Skráð mál hjá umboðsmanni foreldra og skóla/ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla 1997-2001**




*Tafla 2.3*

**Einstaklingsmál sem bárust umboðsmanni foreldra og skóla/ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla 1997-2001**

| Tilefni | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 Frá foreldrum | 2001 Frá skólum | Alls 2001 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Léleg skólasókn | 15 | 13 | 14 | 12 | 1 | 13 | 14 |
| Aga- og hegðunarvandi | 12 | 12 | 9 | 8 | 2 | 8 | 10 |
| Skipt um skóla | 10 | 9 | 8 | 8 | | 3 | 3 |
| Einelti/vanlíðan/skólafælni | 14 | 13 | 17 | 13 | 12 | 3 | 15 |
| Vímuefnavandi | 8 | 17 | 17 | 12 | 8 | 1 | 9 |
| Námserfiðleikar/sérúrræði | 12 | 11 | 12 | 10 | 5 | 5 | 10 |
| Erfiðar félagslegar aðstæður | 7 | 2 | 13 | 18 | 8 | 9 | 17 |
| Geðræn vandamál | 6 | 5 | 9 | 14 | 3 | 7 | 10 |
| Misþroski/ofvirkni/ Asberger/Tourette/einhverfa | 7 | 8 | 8 | 9 | 6 | 2 | 8 |
| Óánægja vegna skóla eða kennara | 7 | 12 | 11 | 11 | 11 | | 11 |
| Þátttaka í atvinnulífi | 5 | | | | 2 | | 2 |
| Ofbeldi/afbrot | | | | 8 | 8 | | 8 |
| Námi flýtt | | | 1 | 1 | | | |
| Líkamlegir sjúkdómar/fötlun | | | | 5 | 5 | | 5 |
| **Samtals** | **103** | **103** | **132** | **130** | **71** | **51** | **122** |

*Tafla 2.4*

**Fjöldi mála sem bárust umboðsmanni foreldra og skóla/ráðgjafa um samstarf foreldra og skóla eftir skólastigum og tilvísunaraðila**

| Skólastig | Frá foreldrum | Frá skólum |
|---|---|---|
| Yngri barna stig 1.-4. bekkur | 13 | 5 |
| Miðstig 5.-7. bekkur | 28 | 11 |
| Unglingastig 8.-10. bekkur | 30 | 35 |
| **Samtals** | **71** | **51** |

*Tafla 2.5*

## Mál til umfjöllunar hjá forstöðumanni þjónustusviðs eftir ástæðum tilvísunar 1999-2001

| Tilefni | Fjöldi einstaklinga 1999 | Fjöldi einstaklinga 2000 | Fjöldi einstaklinga 2001 |
|---|---|---|---|
| Ágreiningur/stjórnun | | 2 | |
| Barnaverndarmál | 18 | 5 | 8 |
| Einelti | 4 | 8 | 3 |
| Fíkniefni/áfengi | 3 | | |
| Fjármál | | 1 | |
| Fötlun | 17 | 18 | 17 |
| Hegðun/félagslegir erfiðleikar | 28 | | |
| Hegðun/samskipti | | 7 | |
| Ofbeldi | 6 | 5 | |
| Ovirkni/hegðun | | 14 | 12 |
| Ovirkni/ofbeldi | | 8 | |
| Samskipti foreldra og kennara | 4 | | 10 |
| Önnur mál | | | 9 |
| **Samtals** | **80** | **68** | **59** |

*Tafla 2.6*

## Mál til umfjöllunar hjá forstöðumanni þjónustusviðs eftir skólastigi 1999-2001

| Skólastig | Fjöldi mála 1999 | Fjöldi mála 2000 | Fjöldi mála 2001 |
|---|---|---|---|
| 1.-4. bekkur | 22 | 30 | 7 |
| 5.-7. bekkur | 26 | 25 | 22 |
| 8.-10. bekkur | 32 | 13 | 30 |

*Mynd 2.2*

## Tilvísanir til sálfræðideildar Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur skólaárið 2000-2001, kyn og aldur eftir fæðingarári




Mál ofvirkra nemenda og nemenda með samskiptaörðugleika voru næstflest eða 12. Ágreiningur af margvíslegum toga milli foreldra og skóla voru í þriðja sæti eða 10 mál, og lögreglu- og barnaverndarmál þar sem ofbeldi var áberandi voru átta. Eineltismál virðast nú í ríkari mæli vera leyst í skólanum en aðeins þrjú alvarleg eineltismál komu til úrlausnar forstöðumanns þetta árið. Önnur mál sem erfitt er að flokka sérstaklega eru níu.

### Einstaklingsmálateymi

Einstaklingsmálateymi Fræðslumiðstöðvar var sett á laggirnar haustið 2000. Í teyminu sitja forstöðumaður þjónustusviðs sem stýrði teyminu til hausts 2001, deildarstjóri sálfræðideildar sem stýrði teyminu frá hausti 2001, sálfræðingur, sérkennsluráðgjafar og ráðgjafi um samstarf foreldra og skóla. Teymið hélt 8 fundi fyrri hluta árs 2001 og 10 fundi frá hausti 2001 þar sem tekin voru fyrir um 30 mál.

Hlutverk þess er að taka mál til umfjöllunar sem starfsmenn þjónustusviðs, fræðslustjóri eða skólastjórar vísa í teymið. Samkvæmt erindisbréfi er hlutverkið:

- Að vinna að skipulagningu og úrbótum í alvarlegum einstaklingsmálum sem skólastjórnendur vísa til fræðslustjóra og fullreynt er að geti unnist í skólanum án utanaðkomandi ráðgjafar og aðstoðar starfsmanna Fræðslumiðstöðvar.
- Að vera skipulags - og umræðuvettvangur sérfræðinga Fræðslumiðstöðvar hvað varðar erfið einstaklingsmál, benda á úrræði vegna þeirra og leiðir til að gera skólana sjálfbærari.

## Sálfræðiþjónusta

Sálfræðideild Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur veitir grunnskólum borgarinnar sálfræðiþjónustu að skólum í Grafarvogi undanskildum sem Miðgarður þjónar. Klébergsskóli á Kjalarnesi og sérskólarnir Öskjuhlíðarskóli og Vesturhlíðarskóli kaupa sálfræðiþjónustu af verktaka.

Meginhlutverk sálfræðideildar er þríþætt:
1) greining, ráðgjöf og skammtímameðferð vegna nemenda,
2) gerð kannana og skimana; aðstoð við skóla vegna kannana og skimana varðandi hin ýmsu málefni tengd nemendum og
3) fræðsla og kynning með fyrirlestrum varðandi hin ýmsu málefni er tengjast barninu og starfsmanninum í skólanum.

Á skólaárinu 2000-2001 var 656 málum vísað til sálfræðideildar Fræðslumiðstöðvar (mynd 2.2) (tafla 2.7). Það er rúmlega 3% fækkun mála frá fyrra ári sem skýrist fyrst og fremst af langtíma veikindum sálfræðings. Sem fyrr dreifðist sálfræðiþjónusta nokkuð jafnt á flesta árganga grunnskólans og drengir eiga tæpa 2/3 af tilvísunum. Drengjum er frekar vísað til sálfræðideildar vegna náms og hegðunar og stúlkum vegna vanlíðunar. Kennari merkir við tilvísunarástæður og gefa þær því til kynna mat þeirra á því í hverju vandinn sé fólginn (tafla 2.8).

Á mynd 2.3 sést flokkun mála eftir tíma sem fór í að vinna hvert þeirra. Þyngd máls er skilgreind eftir því í hve margar klukkustundir sálfræðingurinn hefur unnið við málið.



*Tafla 2.7*

### Tilvísanir til sálfræðideildar frá 1996 - 2001

| | 1996-1997 | 1997-1998 | 1998-1999 | 1999-2000 | 2000-2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi tilvísana | 681 | 547 | 632 | 681 | 656 |
| Hlutfall drengja | 66% | 64% | 65% | 62% | 64,8% |
| Hlutfall stúlkna | 34% | 36% | 35% | 38% | 34,0% |
| **Hlutfall mála á biðlista að skólaári loknu** | **15%** | **5%** | **5%** | **8%** | **10,8%** |

*Tafla 2.8*

### Algengustu ástæður tilvísana - drengir og stúlkur skólaárið 2000-2001

| Ástæða | Drengir Fjöldi | Drengir Hlutfall af svörum | Stúlkur Fjöldi | Stúlkur Hlutfall af svörum | Heild Fjöldi/Heild | Heild Heild/Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Líðan | 50 | 11,6% | 56 | 25,0% | 106 | 16,2% |
| Nám | 75 | 17,4% | 32 | 14,3% | 107 | 16,3% |
| Líðan og nám | 24 | 5,6% | 14 | 6,3% | 38 | 5,8% |
| Líðan og hegðun | 41 | 9,5% | 19 | 8,5% | 60 | 9,1% |
| Nám og hegðun | 36 | 8,3% | 10 | 4,5% | 46 | 7,0% |
| Hegðun | 73 | 16,9% | 16 | 7,1% | 89 | 13,6% |
| Annað | 133 | 30,8% | 77 | 34,4% | 210 | 32% |
| **Samtals** | **432** | **100%** | **224** | **100%** | **656** | **100%** |

*Mynd 2.3*

### Flokkun mála eftir tíma sem fór í vinnslu



*Tafla 2.9*

## Yfirlit yfir ráðgjöf við kennara vegna bekkjarstarfs – árgangar

| Skólastig | Yngsta stig 1. - 4. bekkur | Miðsti 5. - 7. bekkur | Unglingastig 8.-10.bekkur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi bekkja | 19 | 9 | 9 | 37 |
| Fjöldi heimsókna | 94 | 77 | 18 | 189 |

*Tafla 2.10*

## Kennsluráðgjöf vegna bekkjarstarfs – fjöldi heimsókna eftir skólum 1998-2001

| | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1 | 1 | 2 | |
| Álftamýrarskóli | 4 | | 2 | |
| Árbæjarskóli | 4 | | 1 | 2 |
| Ártúnsskóli | | | | |
| Borgaskóli | | 1 | 2 | 1 |
| Breiðagerðisskóli | 11 | 6 | | 1 |
| Breiðholtsskóli | 2 | | | |
| Engjaskóli | | | 1 | |
| Fellaskóli | 3 | 2 | 3 | 4 |
| Foldaskóli | 3 | 3 | 1 | |
| Fossvogsskóli | | 1 | | |
| Grandaskóli | 1 | 2 | | 3 |
| Hagaskóli | | | | |
| Hamraskóli | 4 | 2 | | |
| Háteigsskóli | 4 | 4 | 3 | |
| Hlíðaskóli | 3 | 1 | 5 | |
| Hólabrekkuskóli | | 1 | 2 | |
| Húsaskóli | 4 | 1 | 6 | |
| Hvassaleitisskóli | 1 | | | 1 |
| Ingunnarskóli | | | | |
| Klébergsskóli | | 3 | 2 | |
| Korpuskóli | | | | |
| Langholtsskóli | 1 | 3 | 4 | |
| Laugalækjarskóli | | | | |
| Laugarnesskóli | 12 | 3 | 3 | 5 |
| Melaskóli | | 1 | | |
| Réttarholtsskóli | | | | 2 |
| Rimaskóli | 4 | 2 | 3 | 2 |
| Selásskóli | 4 | 2 | | |
| Seljaskóli | 2 | 2 | | |
| Vesturbæjarskóli | | | 3 | |
| Vikurskóli | | | | |
| Vogaskóli | 2 | 1 | | |
| Ölduselsskóli | 17 | 9 | 1 | 1 |
| **Samtals** | **88** | **49** | **47** | **22** |

*Tafla 2.12*

## Kennsluráðgjöf við skóla – efnisflokkar

| | Þróun skólastarfs | Móðurskóla-verkefni | Samstarfs-verkefni | Einstakar námsgreinar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi verkefna | 32 | 3 | 26 | 11 | 72 |
| Fjöldi heimsókna | 49 | 10 | 45 | 18 | 122 |

## Kennsluráðgjöf við skóla og almennt bekkjarstarf

Kennsluráðgjöf sem veitt er frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur má skipta í þrennt, þ.e. ráðgjöf við skóla, ráðgjöf vegna bekkjarstarfs (tafla 2.9) og ráðgjöf vegna einstaklinga (tafla 2.11). Ráðgjöf við skóla er veitt t.d. vegna þróunarstarfs eða samstarfsverkefna sem snerta skólastarfið í heild, ákveðnar námsgreinar eða svið innan skólans. Ráðgjöf vegna bekkjarstarfs snýr að heilum bekkjum og er veitt ef erfiðleikar eru í bekk eða að kennari óskar eftir aðstoð vegna sérstakra verkefna eða breytinga á kennsluháttum. Þessi ráðgjöf var veitt af almennu kennsluráðgjöfunum fjórum, en einnig af sérkennsluráðgjöfum hvað snertir sérskóla og sérkennslu. Samtals fóru kennsluráðgjafar í 189 heimsóknir í 37 bekki á árinu og voru flestar þeirra á yngri barna stigi (tafla 2.9 og 2.10). Ráðgjöf við skóla var veitt vegna 72 verkefna í samtals 122 heimsóknum (tafla 2.12).

## Einstaklingsmál í höndum kennsluráðgjafa

Fjórir starfsmenn kennsludeildar, deildarstjóri, tveir sérkennsluráðgjafar og ráðgjafi á sviði einhverfu og þroskaraskana vinna að málum einstakra nemenda sem vísað er til deildarinnar. Þeir sinntu um 317 málum einstaklinga á árinu og voru um 35% þeirra vegna breytinga á skólavist vegna skólavistar utan lögheimilissveitarfélags (tafla 2.11).

*Tafla 2.11*

## Einstaklingsmál sem unnið var að á kennsludeild

| Tilefni | Fjöldi einstaklinga |
|---|---|
| Námsvandi | 60 |
| Hegðun og samskipti | 75 |
| Þroskaraskanir | 41 |
| Breyting á skólavist | 101 |
| Fötlun | 40 |
| **Samtals** | **317** |

## Kennsla í sænsku og norsku

Tveir kennsluráðgjafar á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur veittu ráðgjöf í norsku og sænsku og skipulögðu kennsluna í Reykjavík. Ráðgjafarþjónustan stendur öllum sveitarfélögum til boða. Fjarkennsla hefur verið tekin upp í norsku í elstu bekkjunum og gefst vel. Fjarkennsla í norsku var í sex sveitarfélögum auk Reykjavíkur.

Kennsluráðgjöf í norsku var veitt í 19 sveitarfélögum auk Reykjavíkur. Nemendur í norsku í Reykjavík voru 54 úr 21 skóla. Kennsluráðgjöf í sænsku var veitt í 27 sveitarfélögum auk Reykjavíkur. Nemendur í sænsku í Reykjavík voru 105 og komu úr 29 skólum (töflur 2.13 og 2.14).

## Þjónusta við nemendur með íslensku sem annað tungumál

Íslenska sem annað tungumál var kennd í 33 skólum í Reykjavík á árinu 2001. Nemendur sem fá þessa kennslu eru flestir af erlendum uppruna en hluti þeirra er af íslenskum ættum en hefur verið langdvölum erlendis (mynd 2.4).

Nýjar úthlutunarreglur sem byggja á einstaklingsmiðuðu framlagi tóku gildi í upphafi árs 2000. Úthlutað er í upphafi fjárhagsárs og endurúthlutað á haustönn vegna nýrra nemenda sem hafa flust til landsins eða hafa skipt um skóla og eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Árið 2001 var úthlutað fé vegna 595 nemenda. Þar af hófu 44 nýir nemendur á aldrinum 9-15 ára nám í móttökudeildum. Um 30 nemendur sem eiga annað foreldrið íslenskt og hafa búið erlendis í fimm ár eða lengur fluttu til landsins á árinu. 48 íslenskir nemendur (báðir foreldrar íslenskir) sem hafa dvalið langdvölum erlendis (sex ár eða lengur) hófu nám í grunnskólum Reykjavíkur.

Skólar með móttökudeildir eru: Austurbæjarskóli, Háteigsskóli og Breiðholtsskóli en deildin í Vesturbæjarskóla var lögð niður haustið 2001 þar sem talið var að staðsetning deildarinnar hentaði ekki lengur.

Nemendur á aldrinum 9-15 ára sem flytja til landsins hefja nám í móttökudeild. Þar fá þeir sérstaka kennslu í íslensku máli og menningu í tuttugu tíma á viku, en sækja list- og verkgreinar í almennum bekk. Alla jafna eru nemendur eitt ár í móttökudeild, en sá tími getur þó verið breytilegur eftir aðstæðum. Eftir útskrift úr móttökudeild tekur við nám í almennum bekk en nemendur fá áframhaldandi aðstoð og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Alls 109 nemendur, flestir af erlendum uppruna, nutu þjónustu móttökudeildaskólanna haustið 2000 en 196 nemendur árið 2001. Nemendur á aldrinum 6-9 ára fara beint í almennan bekk í heimaskóla en fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

*Tafla 2.13*

**Sænsku- og norskukennsla í Reykjavík 2001**

| Kennslustaður | Fjöldi nemenda í sænsku | Fjöldi nemenda í norsku |
|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 6 | |
| Árbæjarskóli | 9 | |
| Foldaskóli | 13 | 8 |
| Hagaskóli | 7 | 11 (3 frá Seltj.nesi) |
| Hlíðaskóli | 14 | 15 |
| Langholtsskóli | 14 | |
| Miðbæjarskóli | 15 | |
| Réttarholtsskóli | 27 | |
| Seljaskóli | | |
| Fjarkennsla | | 20 |
| **Samtals** | **105** | **54** |

*Tafla 2.14*

**Kennsluráðgjöf vegna sænsku og norsku utan Reykjavíkur skipt eftir landshlutum**

| Landsvæði | Fjöldi nemenda í sænsku | Fjöldi nemenda í norsku |
|---|---|---|
| Nágrannasveitarfélög | 24 | 20 |
| Reykjanes | 3 | 2 |
| Vesturland | 13 | 6 |
| Vestfirðir | 6 | |
| Norðurland vestra | 7 | |
| Norðurland eystra | 14 | 14 |
| Austurland | 5 | 1 |
| Suðurland | 12 | 13 |
| **Samtals** | **84** | **56** |

*Mynd 2.4*

**Fjöldi nemenda með sérstaka kennslu í íslensku, flokkað eftir skólum (ekki nemendur í móttökudeildum)**



# 3 Grunnskólar Reykjavíkur

Grunnskólar Reykjavíkur starfa eftir lögum um grunnskóla nr. 66/1995, reglugerðum við þessi lög og Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999, auk þess sem skólarnir taka mið af samþykktum borgarinnar um skólastarf.

## Fjöldi skóla og hverfaskipting

Þrír nýir skólar tóku til starfa haustið 2001, tveir almennir grunnskólar, Víkurskóli í Grafarvogi og Ingunnarskóli í Grafarholti, og einn sérskóli, Hlíðarhúsaskóli. Grunnskólar í Reykjavíkur voru alls 45 haustið 2001, 40 þeirra voru reknir af Reykjavíkurborg, 34 almennir grunnskólar og 6 sérskólar (tafla 3.1). Auk þeirra störfuðu 5 einkaskólar í borginni.

*Tafla 3.1*

**Fjöldi grunnskóla eftir gerð skóla**

| Gerð skóla | Fjöldi |
|---|---|
| Heildstæðir skólar, 1.-10.bekkur 1) | 19 |
| Barnaskólar, 1.-7. bekkur | 8 |
| Unglingaskólar, 8.-10. bekkur | 3 |
| Nýir skólar, 1.-8. bekkur 2) | 4 |
| Sérskólar, 1.-10. bekkur 3) | 6 |
| Einkaskólar | 5 |
| **Samtals** | **45** |

1) Einn þessara skóla er einnig safnskóli á unglingastigi (Árbæjarskóli)

2) Nýir skólar þar sem árgöngum fjölgar ár frá ári (Borgaskóli, Korpuskóli, Ingunnarskóli og Víkurskóli)

3) Einn þessara skóla er nýr sérskóli (Hlíðarhúsaskóli)

### Almennir skólar

Almennir grunnskólar eru í öllum hverfum borgarinnar og ætlaðir nemendum á grunnskólaaldri sem þar búa. Þó er alltaf eitthvað um að nemendur sæki skóla utan síns heimahverfis.

### Sérskólar

Nýr sérskóli, Hlíðarhúsaskóli, tók til starfa haustið 2001. Þessi skóli er ætlaður nemendum með geðraskanir og atferlistruflanir. Sérskólarnir eru þá orðnir sex í borginni, en fimm þeirra þjóna öllu landinu samkvæmt samningi milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga (tafla 3.4, sjá bls.28).

### Einkaskólar

Þeir 5 einkaskólar sem reknir eru fyrir börn á grunnskólaaldri í Reykjavík hlutu allir fjárframlag frá Reykjavíkurborg. Miðaðist það við fasta upphæð 218.500 kr. á hvern nemanda (tafla 3.5, sjá bls.28).



# Skólar í borgarhlutum

Í lok ársins 2001 var samþykkt í borgarráði ný borgarhluta- og borgarhverfaskipting. Með þessari skiptingu urðu til fjórir borgarhlutar með tveimur borgarhverfum hver. Fjöldi almennra grunnskóla er mjög mismunandi eftir borgarhverfum, eða allt frá einum, í Miðbæ, og upp í átta í Grafarvogi. Fjöldi grunnskóla í borgarhlutum er einnig mismunandi eða frá 8 og allt upp í 18. Samkvæmt þessari skiptingu raðast grunnskólarnir í borginni á eftirfarandi hátt (mynd 3.1).

## Borgarhluti 1

**Hverfi 1.1 - Miðbær**
Austurbæjarskóli
Einholtsskóli (sérskóli)
Landakotsskóli (einkaskóli)
Tjarnarskóli (einkaskóli)

**Hverfi 1.2 - Vesturbær**
Grandaskóli
Hagaskóli
Melaskóli
Vesturbæjarskóli

## Borgarhluti 2

**Hverfi 2.1 - Laugardalur**
Álftamýrarskóli
Dalbrautarskóli (sérskóli)
Háteigsskóli
Langholtsskóli
Laugarnesskóli
Laugalækjarskóli
Safamýrarskóli (sérskóli)
Vogaskóli

**Hverfi 2.2 - Kringlan**
Breiðagerðisskóli
Fossvogsskóli
Hlíðarhúsaskóli (sérskóli)
Hlíðaskóli
Hvassaleitisskóli
Réttarholtsskóli
Skóli Ísaks Jónssonar (einkaskóli)
Suðurhlíðarskóli (einkaskóli)
Vestuhlíðarskóli (sérskóli)
Öskjuhlíðarskóli (sérskóli)

## Borgarhluti 3

**Hverfi 3.1 - Breiðholt**
Breiðholtsskóli
Fellaskóli
Hólabrekkuskóli
Seljaskóli
Waldorfskólinn Sólstafir (einkaskóli)
Ölduselsskóli

**Hverfi 3.2 - Árbær**
Árbæjarskóli
Ártúnsskóli
Ingunnarskóli
Selásskóli

## Borgarhluti 4

**Hverfi 4.1 - Grafarvogur**
Borgaskóli
Engjaskóli
Foldaskóli
Hamraskóli
Húsaskóli
Korpuskóli
Rimaskóli
Víkurskóli

**Hverfi 4.2 - Kjalarnes**
Klébergsskóli

*Mynd 3.1*



# Nemendafjöldi

Haustið 2001 voru nemendur í grunnskólum Reykjavíkur alls 15.493 og hafði þeim fjölgað um 183 frá árinu áður. Í almennum grunnskólum voru 14.707 nemendur og hafði þeim fjölgað um 248 frá árinu 2000. Í sérskólum voru 193 nemendur eða jafnmargir og á árinu áður. Nemendur einkaskóla í 1.-10. bekk voru 593 og hafði fækkað um 65 frá árinu áður (töflur 3.2, 3.3, 3.4 og 3.5). Hlutfall grunnskólanemenda af íbúum Reykjavíkur var 13,8% sem er svipað og á undanförnum árum.



*Tafla 3.2*

## Heildarfjöldi nemenda haustin 1997-2001

| Gerð skóla | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| Almennir grunnskólar | 13.844 | 14.103 | 14.242 | 14.459 | 14.707 |
| Sérskólar | 177 | 160 | 165 | 175 | 193 |
| Einkaskólar[1] | 521 | 524 | 518 | 544 | 593 |
| **Samtals** | **14.542** | **14.787** | **14.925** | **15.178** | **15.493** |

1) Fimm ára nemendur ekki taldir með.

*Tafla 3.3*

## Fjöldi nemenda í almennum grunnskólum haustið 2001

| | Skólastig | Fjöldi nemenda | Stofnár |
|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1.-10. bekkur | 600 | 1930 |
| Álftamýrarskóli | 1.-10. bekkur | 364 | 1964 |
| Árbæjarskóli | 1.-10. bekkur | 793 | 1967 |
| Ártúnsskóli | 1.-7. bekkur | 200 | 1987 |
| Borgaskóli | 1.-8. bekkur | 315 | 1998 |
| Breiðagerðisskóli | 1.-7. bekkur | 375 | 1955 |
| Breiðholtsskóli | 1.-10. bekkur | 593 | 1969 |
| Engjaskóli | 1.-10. bekkur | 466 | 1995 |
| Fellaskóli | 1.-10. bekkur | 528 | 1975 |
| Foldaskóli | 1.-10. bekkur | 681 | 1985 |
| Fossvogsskóli | 1.-7. bekkur | 340 | 1971 |
| Grandaskóli | 1.-7. bekkur | 408 | 1986 |
| Hagaskóli | 8.-10. bekkur | 518 | 1958 |
| Hamraskóli | 1.-10. bekkur | 372 | 1991 |
| Háteigsskóli | 1.-10. bekkur | 391 | 1973 |
| Hlíðaskóli | 1.-10. bekkur | 543 | 1955 |
| Hólabrekkuskóli | 1.-10. bekkur | 588 | 1974 |
| Húsaskóli | 1.-10. bekkur | 493 | 1991 |
| Hvassaleitisskóli | 1.-10. bekkur | 335 | 1966 |
| Ingunnarskóli | 1.-8. bekkur | 29 | 2001 |
| Klébergsskóli | 1.-10. bekkur | 143 | 1929 |
| Korpuskóli | 1.-8. bekkur | 148 | 1999 |
| Langholtsskóli | 1.-10. bekkur | 524 | 1952 |
| Laugalækjarskóli | 8.-10. bekkur | 172 | 1960 |
| Laugarnesskóli | 1.-7. bekkur | 532 | 1935 |
| Melaskóli | 1.-7. bekkur | 634 | 1936 |
| Réttarholtsskóli | 8.-10. bekkur | 322 | 1956 |
| Rimaskóli | 1.-10. bekkur | 796 | 1993 |
| Selásskóli | 1.-7. bekkur | 427 | 1986 |
| Seljaskóli | 1.-10. bekkur | 663 | 1979 |
| Vesturbæjarskóli | 1.-7. bekkur | 297 | 1958 |
| Víkurskóli | 1.-8. bekkur | 135 | 2001 |
| Vogaskóli | 1.-10. bekkur | 392 | 1959 |
| Ölduselsskóli | 1.-10. bekkur | 590 | 1975 |
| **Samtals** | | **14.707** | |

## Þróun nemendafjölda

Undanfarin 10 ár hefur nemendum í grunnskólum Reykjavíkur fjölgað jafnt og þétt. Einkum hefur fjölgunin verið síðastliðin fimm ár en frá hausti 1997 hefur nemendum í almennum skólum og einkaskólum fjölgað um tæplega 1000. Flest bendir til þess að fjölgunin haldi áfram a.m.k. næstu tvö árin en þá megi gera ráð fyrir lítilsháttar fækkun.

*Tafla 3.4*

### Fjöldi nemenda í sérskólum haustið 2001

| Skóli | Skólastig | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|
| **Dalbrautarskóli**<br>Innlögð börn af Barna- og unglingageðdeild Landspítalans | 1.-10. bekkur | 12 |
| **Einholtsskóli** 1)<br>Nemendur á unglingastigi sem af ýmsum félagslegum ástæðum geta ekki sótt almennan grunnskóla | 8.-10. bekkur | 28 |
| **Hlíðarhúsaskóli**<br>Nemendur með með geðraskanir og atferlistruflanir. | 1.-10. bekkur | 7 |
| **Safamýrarskóli** 2)<br>Fjölfatlaðir nemendur | 1.-10. bekkur | 22 |
| **Vesturhlíðarskóli**<br>Heyrnarskertir og heyrnarlausir nemendur | 1.-10. bekkur | 18 |
| **Öskjuhlíðarskóli**<br>Greindarskertir nemendur | 1.-10. bekkur | 97 |
| **Samtals** | | **184** |

1) Einholtsskóli þjónaði einnig nemendum á Stuðlum (37) og nemendum á meðferðarheimilinu Háholti í Skagafirði (6).
2) Níu nemendur á framhaldsskólastigi stunduðu einnig nám í Safamýrarskóla

*Tafla 3.5*

### Fjöldi nemenda í einkaskólum 2001

| Skóli | Skólastig | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|
| Landakotsskóli[1] | 1.-10. bekkur | 189 |
| Skóli Ísaks Jónssonar[2] | 1.-3. bekkur | 163 |
| Suðurhlíðarskóli | 1.-10. bekkur | 60 |
| Tjarnarskóli | 8.-10. bekkur | 54 |
| Waldorfskólinn Sólstafir | 1.-7. bekkur | 32 |
| **Samtals** | | **498** |

1) Að auki voru 18 fimm ára nemendur í Landakotsskóla.
2) Að auki voru 77 fimm ára nemendur í Skóla Ísaks Jónssonar.

*Mynd 3.2*

### Nemendafjöld í grunnskólum Reykjavíkur 1984-2007




Á mynd 3.2 er sýnd þróun nemendafjölda frá 1984 og sést hversu mikilli fjölgun má búast við í grunnskólum Reykjavíkur næstu fimm árin (fimm ára nemendur og nemendur sérskóla eru ekki taldir með í spánni).
Í töflu 3.6 er sýnt hversu mikið mun fjölga árlega miðað við að 85%, 90% og 95% af fæðingar-árgöngum skili sér í skólana (þ.e. börn fædd 1996 árið 2002, börn fædd 1997 árið 2003 o.s.frv.). Undanfarin 10 ár hefur þetta hlutfall verið á bilinu 86-96% og mjög mismunandi frá ári til árs.
Það er því nokkuð erfitt að meta hvort er líklegra að 85 eða 95% árgangsins skili sér en þó má gera ráð fyrir að þetta hlutfall verði nálægt 90% þar sem það hefur verið að jafnaði 89% síðustu fimm árin.

*Tafla 3.6*

## Væntanlegur nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 2002-2006[1]

| Skólaár | 2002-2003 | 2003-2004 | 2004-2005 | 2005-2006 | 2006-2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjölgun miðað við 85% fæðingarárgangs í 1. bekk (mismunur á 1. og 10. bekk) | 215 | 9 | -113 | -101 | -74 |
| Nemendafjöldi miðað við 85% fæðingarárgangs í 1. bekk, aðrir árgangar eins og í dag | 15.395 | 15.404 | 15.290 | 15.189 | 15.115 |
| Fjölgun miðað við 90% fæðingarárgangs í 1. bekk (mismunur á 1. og 10. bekk) | 303 | 92 | -30 | -19 | 17 |
| Nemendafjöldi miðað við 90% fæðingar-árgangs í 1. bekk, aðrir árgangar eins og í dag | 15.483 | 15.575 | 15.545 | 15.526 | 15.542 |
| Fjölgun miðað við 95% fæðingar-árgangs í 1.bekk ( mismunur á 1.og 10.bekk) | 391 | 176 | 53 | 63 | 107 |
| Nemendafjöldi miðað við 95% fæðingarárgangs í 1. bekk, aðrir árgangar eins og í dag | 15.571 | 15.747 | 15.799 | 15.862 | 15.969 |

1) Fjöldi í almennum grunnskólum og einkaskólum, fimm ára börn ekki meðtalin.

*Tafla 3.7*

## Fjöldi kennslustunda samkvæmt lögum 1999-2001

| | 1.-4. bekkur | 5.-7. bekkur | 8.-10. bekkur |
|---|---|---|---|
| 1999 | 30 | 32, 32, 35 | 35 |
| 2000 | 30 | 33, 33, 35 | 36 |
| 2001 | 30 | 35 | 37 |

*Tafla 3.8*

## Hlutfallsleg nýting viðbótarstunda hjá 33 skólum vorið 2001

| | Hlutfall af úthlutuðum stundum |
|---|---|
| Bekkjum skipt í sundi, heimilisfræði eða handmennt | 46% |
| Bekkjum skipt í öðrum greinum | 13% |
| Nýir bekkir búnir til | 13% |
| Tveir kennarar inni í bekk í einu | 8% |
| Sérkennsla | 10% |
| Kennsla á skólasafni | 4% |
| Kórstjórn | 0% |
| Annað | 5% |
| **Samtals** | **100%** |

# Ytra skipulag skólastarfs

## Fjöldi skóladaga og kennslustunda

Skólaárið 2000-2001 stóð frá 1. september 2000 til 31. maí 2001. Haustið 2001 hófst skólaárið að jafnaði mun fyrr en áður hafði þekkst í grunnskólum borgarinnar. Skólasetning í flestum skólum var í síðustu viku ágústmánaðar.

Í kjölfar nýrra kjarasamninga við kennara voru komnar nýjar forsendur fyrir lengingu skólaársins en með þeim var skólaárið nú lengt úr 170 dögum í 180 daga og skólum gefinn kostur á að vera með allt að 6 daga vetrarfrí á komandi vetri og lengja þá skólaárið fram eftir vori sem því næmi.

Haustið 2001 kom lenging skóladags samkvæmt grunnskólalögum frá 1995 að fullu til framkvæmda og var skólavikan nú 30 kennslustundir í 1.-4. bekk, 35 stundir í 5.-7. bekk og 37 í 8.-10. bekk (tafla 3.7). Reykjavík deilir auk þessa út til skólanna viðbótarkennslustundum til sveigjanlegs skólastarfs sem nemur alls um 70 stöðugildum kennara (tafla 3.8).



# Fjöldi bekkjardeilda og meðalfjöldi í bekk

Haustið 2001 voru 714 bekkjardeildir í grunnskólum Reykjavíkur og hafði fjölgað um 16 frá haustinu 2000 (mynd 3.3). Meðalfjöldi nemenda í bekk haustið 2001 var 20,6 (mynd 3.4). Síðdegisbekkir voru 25 og hafði þeim fækkað um 11 frá fyrra ári.

# Skólanámskrár - starfsáætlanir skóla

Að venju voru skólanámskrár grunnskóla Reykjavíkur yfirfarnar og metnar á árinu samkvæmt gátlista. Deildarstjóri kennsludeildar og kennsluráðgjafar höfðu verkið með höndum og veittu skólunum umsögn. Allflestir skólar eru komnir með fullnægjandi skólanámsskrá (tafla 3.9).

# Hádegisstund

Hádegisstund eða næðisstund á yngri barna stigi hafði haustið 2001 verið komið á í öllum einsetnum skólum nema tveimur eða alls 24 skólum, þar af var hún í 1.-4. bekk í 21 skóla, í 1.-3. bekk í tveimur og 1.-2. bekk í einum skóla. Í hádegisstundinni, sem yfirleitt er 20 til 30 mínútur að lengd, er umsjónarkennari með börnunum í skólastofunni á meðan þau borða nesti eða fer með þeim í matsal í skólum þar sem framreiddur er matur í hádegi. Eftir matinn er gjarnan lesið fyrir börnin, spjallað eða spilað. Eftir eða á undan hádegisstund fara nemendur gjarnan út í frímínútur í 20 mínútur til hálftíma.

*Mynd 3.3*

## Fjöldi bekkjadeilda í grunnskólum Reykjavíkur 1990-2001




*Mynd 3.4*

## Meðalfjöldi nemenda í bekkjardeild 1960-2001




*Tafla 3.9*

## Skil á skólanámskrá

| | 1998-1999 | 1999-2000 | 2000-2001 | 2001-2002 |
|---|---|---|---|---|
| Skila fullnægjandi skólanámskrá | 24 | 15 | 28 | 32 |
| Skila inn drögum eða hluta námskrár | 5 | 10 | 5 | 6 |
| Skila ekki | 5 | 12 | 4 | 2 |
| **Skólar samtals** | **34** | **37** | **37** | **40** |

*Tafla 3.10*

**Samræmdar normaldreifðar meðaleinkunnir nemenda í 10. bekk vorið 2001**

| | Stærðfræði | Íslenska | Danska | Enska |
|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5,30 | 5,20 | 5,20 | 5,30 |
| Nágrenni Reykjavíkur | 5,20 | 5,10 | 5,10 | 5,30 |
| Suðurnes | 4,70 | 4,50 | 5,00 | 4,70 |
| Vesturland | 4,70 | 4,60 | 4,40 | 4,20 |
| Vestfirðir | 4,90 | 4,80 | 4,80 | 4,80 |
| Norðurland vestra | 4,50 | 5,0 | 4,90 | 4,60 |
| Norðurland eystra | 4,90 | 5,0 | 4,70 | 4,70 |
| Austurland | 4,50 | 4,70 | 5,10 | 4,60 |
| Suðurland | 4,50 | 4,60 | 4,60 | 4,60 |
| **Landið allt** | **5,0** | **5,0** | **5,0** | **5,0** |

*Tafla 3.11*

**Samræmdar normaldreifðar meðaleinkunnir nemenda í 7. bekk haustið 2001**

| | Stærðfræði | Íslenska |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5,10 | 5,20 |
| Nágr. Reykjavíkur | 5,10 | 5,10 |
| Suðurnes | 4,80 | 4,40 |
| Vesturland | 4,90 | 4,90 |
| Vestfirðir | 4,90 | 4,90 |
| Norðurland vestra | 4,80 | 4,90 |
| Norðurland eystra | 5,0 | 5,0 |
| Austurland | 4,60 | 4,90 |
| Suðurland | 4,70 | 4,70 |
| **Landið allt** | **5,0** | **5,0** |

*Tafla 3.12*

**Samræmdar normaldreifðar meðaleinkunnir nemenda í 4. bekk haustið 2001**

| | Stærðfræði | Íslenska |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5,0 | 5,20 |
| Nágr. Reykjavíkur | 4,90 | 5,00 |
| Suðurnes | 5,20 | 4,40 |
| Vesturland | 4,80 | 4,70 |
| Vestfirðir | 4,90 | 4,60 |
| Norðurland vestra | 4,30 | 4,60 |
| Norðurland eystra | 5,30 | 5,40 |
| Austurland | 5,0 | 5,10 |
| Suðurland | 4,9 | 4,8 |
| **Landið allt** | **5,0** | **5,0** |



## Árangur á prófum

Grunnskólanemendur þreyttu samræmd könnunarpróf á árinu 2001 í tveimur greinum í 4. og 7. bekk og samræmd próf í fjórum greinum í 10. bekk. Að þessu sinni varð sú breyting á framkvæmd samræmdu prófanna fyrir 10. bekk að nemendum var ekki lengur skylt að taka prófin.

Reykvískir nemendur voru með hæstu meðaleinkunn yfir landið í öllum fjórum greinum í 10. bekk. Sama átti við um niðurstöður í 7. bekk. Á samræmdum prófum í 4. bekk var meðaleinkunn í Reykjavík í meðallagi í stærðfræði en yfir meðallagi í íslensku (töflur 3.10, 3.11 og 3.12).

# Kennsluhættir

## Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda

Í stafsáætlun fræðslumála fyrir árið 2001 var mörkuð stefna til þriggja ára um þróun kennsluhátta þannig að skipulag námsins verði einstaklingsmiðaðra en nú er og aukin áhersla lögð á þemanám og samvinnu nemenda. Námsáætlanir fyrir einstaklinga og gott aðgengi að tölvum eru sögð lykilatriði til að ná þessum markmiðum.

## Þemaverkefni

Það færist stöðugt í vöxt að nemendur vinni saman í hópum að ýmiss konar þemaverkefnum, gjarnan með öðrum bekkjum í sama árgangi eða öðrum árgöngum. Þannig er hefðbundið bekkjarstarf á vissan hátt á undanhaldi í skólum og námið tekur meira mið af stöðu einstaklinganna og nemendur fá þjálfun í samvinnu. Á vorönn 2001 vann rúmlega helmingur skólanna að 11 fjölmennustu verkefnunum og tóku rúmlega átta þúsund nemendur þátt í þeim. Á haustönn 2001 unnu alls 32 skólar að 9 fjölmennustu verkefnunum

og þar tóku þátt rúmlega 10 þúsund nemendur. Þessi verkefni voru um margvísleg efni, s.s. umhverfið, menningu og listir, vináttu og íslenska tungu. (töflur 3.13 og 3.14).

## Skólasöfn

Skólasöfn eru starfrækt í öllum almennum grunnskólum borgarinnar. Þar er að finna margvíslegt ítarefni og kennslugögn, bækur, tímarit, myndbönd og tölvuforrit.

Skólasöfn gegna mikilvægu hlutverki í viðleitni skóla til að laga námið að einstaklingunum og þjálfa þá í samvinnu og nýtingu upplýsingatækninnar. Nýting skólasafna er vaxandi þáttur í skólastarfi og útlán gagna hafa aukist með hverju ári. Einnig koma skólasöfnin í ríkara mæli en áður að gagnaöflun nemenda með nútímaupplýsingatækni. Fjöldi útlána á nemanda er mismikill eftir skólum, allt frá nokkrum upp í nokkra tugi.

## Sérkennsla

Sérkennsla skiptist annars vegar í almenna sérkennslu og hins vegar í kennslu í almennum sérdeildum, sérhæfðum sérdeildum og í sérskólum. Í almennri sérkennslu er ýmist kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá, hópnámskrá eða í bekk (tafla 3.16). Misjafnt er hvort nemendur sækja sérkennslu alla skólagöngu sína eða hluta hennar (mynd 3.6, tafla 3.16). Alls nutu um 2.600 nemendur í almennum grunnskólum sérkennslu haustið 2001 eða 17,9% af heildarfjölda nemenda sem er nánast sama hlutfall og síðasta ár (tafla 3.16). Um 10,2% nemenda sem innrituðust í 1. bekk haustið 2001 höfðu fengið greiningu um sérkennsluþörf (tafla 3.15).

*Tafla 3.13*

### Fjölmennustu þemaverkefni á vorönn 2001

| Verkefni | Fjöldi þátttakenda | Árgangar |
|---|---|---|
| Vorþema, útivist og hreyfing | 2908 | 1.-10. bekkur |
| Umhverfið (mengun, endurvinnsla og fuglalíf) | 1102 | 1.-10. bekkur |
| Vinátta, samskipti og tilfinningar | 974 | 1.-10. bekkur |
| Afríka | 702 | 1.-10. bekkur |
| Menning, tillidagar, listir | 603 | 1.-4., 6.-7. og 8.-10. bekkur |
| Staða Íslands í Evrópu, mannlíf, tengsl og vinnumarkaður | 524 | 1.-7.og 9. bekkur |
| Egyptaland | 435 | 1.-7. bekkur |
| Slys- og slysavarnir | 395 | 1.-7. bekkur |
| Geimurinn og stjörnufræðin | 287 | 5.-7. bekkur |
| Mexíkó | 165 | 8.-10. bekkur |
| Mannslíkaminn | 132 | 1.-4. bekkur |

Þetta eru niðurstöður úr 21 skóla af 35 sem skiluðu lista.

*Tafla 3.14*

### Fjölmennustu þemaverkefni á haustönn 2001

| Verkefni | Fjöldi þátttakenda | Árgangar |
|---|---|---|
| Íslensk tunga | 3166 | 1.-10. bekkur |
| Stærðfræði | 1460 | 1.-10. bekkur (aðall. 1.-7.b.) |
| Vinavika (vinátta og samskipti) | 1376 | 1.-10. bekkur |
| Heimurinn, jörðin og sólkerfið | 1209 | 1.-10. bekkur (aðall. 1.-7.b.) |
| Jólaguðspjallið, jólin fyrr og nú og jólaföndur | 845 | 1.-7. bekkur |
| Menning og listir (höggmyndir, ljóð og kvikmyndir) | 681 | 1.-10. bekkur |
| Hverfið mitt (nánasta umhverfi) | 605 | 1.-10. bekkur |
| Útivist | 530 | 1.-7. bekkur |
| Öskjuhlíðardagur | 500 | 1.-10. bekkur |

Þetta eru niðurstöður úr 32 skólaum af 39 sem skiluðu lista.

*Tafla 3.15*

### Fjöldi 6 ára barna sem fengið höfðu greiningu hjá Sérkennslu- og sálfræðideild Leikskóla Reykjavíkur (SOS) og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) áður en þau innrituðust í grunnskóla

| Ár | Fæðingarár | Fjöldi innritaðra í 1. bekk | Fjöldi nemenda frá SOS og GRR | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| 1995 | 1989 | 1.401 | 104 | 7,4% |
| 1996 | 1990 | 1.462 | 105 | 7,2% |
| 1997 | 1991 | 1.447 | 87 | 6,0% |
| 1998 | 1992 | 1.467 | 92 | 6,3% |
| 1999 | 1993 | 1.527 | 121 | 7,9% |
| 2000 | 1994 | 1.486 | 124 | 8,3% |
| 2001 | 1995 | 1.425 | 146 | 10,2% |

*Mynd 3. 6*

**Skipting kennslumagns í grunnskólum Reykajvíkur í almenna kennslu og sérkennslu**




1) Sérhæfðar sérdeildir í Reykjavík eru: Blindradeild í Álftamýrarskóla, deild hreyfihamlaðra í Hlíðaskóla og deildir einhverfra í Langholtsskóla og Hamraskóla. Þessar deildir eru reknar á sambærilegan hátt og sérskólar.

## Ný stefna í sérkennslu

Á fundi fræðsluráðs 22. október var stefna fræðsluráðs í sérkennslu samþykkt og síðan kynnt borgarráði. Meginleiðarljós hennar er skóli án aðgreiningar. Með stefnunni er úthlutun fjármagns til sérkennslu skipt í tvennt, annars vegar til almennrar sérskennslu og miðast það við nemendafjölda í skóla og hins vegar vegna einstakra nemenda með mikla þörf fyrir séraðstoð. Lögð er áhersla á sjálfstæði skóla í úrlausn á vanda nemenda, skólar eru hvattir til að viðhafa sveigjanlega kennsluhætti svo námið taki mið af ólíkum nemendum og að koma sér upp ráðgjafarteymum. Lagt er til að sérkennsluver og sérstakur stjórnandi sérkennslu verði í öllum skólunum og nemendur í atferlisvanda eigi kost á atferlisþjálfun. Samkvæmt stefnunni er möguleiki á að skólar komi sér saman um rekstur sérhæfðra sérdeilda innan borgarhluta. Stefnan kemur til framkvæmda í áföngum á árunum 2002-2004.

*Tafla 3.16*

**Fjöldi nemenda í Reykjavík með sérkennslu haustið 2001**

| | Fjöldi | Hlutfall af heildarfjölda[1] |
|---|---|---|
| Sérkennsla í almennum grunnskóla, námskrá ekki tilgreind | 212 | 1,5% |
| Sérkennsla í almennum grunnskóla, samkvæmt aðalnámskrá | 835 | 5,7% |
| Sérkennsla í almennum grunnskólum samkvæmt hópnámskrá | 731 | 5,0% |
| Sérkennsla í almennum grunnskólum samkvæmt einstaklingsáætlun | 490 | 3,4% |
| Sérskólar og sérhæfðar sérdeildir - lögheimili í Reykjavík | 158 | 1,1% |
| Almennar sérdeildir, 1. - 7. bekkur | 76 | 0,5% |
| Almennar sérdeildir, 8. - 10. bekkur | 86 | 0,6% |
| Nemendur með lögheimili í Reykjavík í sérkennslu utan Reykjavíkur | 14 | 0,1% |
| **Samtals** | **2.602** | **17,9%** |

[1]Heildarfjöldi nemenda í almennum grunnskólum, auk nemenda í sérskólum með lögheimili í Reykjavík, var 14.585 alls í október 2001.

*Tafla 3.17*

**Yfirlit yfir kennslu á sjúkrahúsum 1997-2001**

| | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi nemenda | 252 | 286 | 215 | 224 | 187 |
| Heildarfjöldi kennsludaga | 1.542 | 1.395 | 1.805 | 1.177 | 824 |
| Fjöldi kennsludaga á nemanda | 6,1 | 4,9 | 8,4 | 5,3 | 5,2 |

## Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar sinna fötluðum nemendum og eru kennurum til aðstoðar. Haustið 2001 starfaði 101 stuðningsfulltrúi í almennum grunnskólum í Reykjavík í tæplega 70 stöðugildum og 41 í sérskólum í tæplega 26 stöðugildum. Þar störfuðu einnig þroskaþjálfar og aðrir sérhæfðir starfsmenn og voru þeir alls 22 í um 15 stöðugildum.

## Kennsla á sjúkrahúsum

Stjórn sjúkrahúskennslu og fagleg umsjón með henni er í höndum Austurbæjarskóla. Nemendur í sjúkrahúskennslu eru allstaðar að af landinu. Með aukinni tækni hefur opnast nýr möguleiki fyrir nemendur að tengjast sínum bekk með gagnvirkum fjarkennslubúnaði. Nokkrir nemendur nýttu sér þessa tækni á árinu (tafla 3.17).

## Móðurskólar

Einn móðurskóli bættist við á árinu þegar Álftamýrarskóli varð móðurskóli í tungumálum á evrópska tungumálaárinu. Þá voru móðurskólar alls orðnir níu eða í nýsköpun, skólasafnakennslu, tölvukennslu, náttúrufræðigreinum (3) og foreldrasamstarfi (2). Hlutverk móðurskóla er að vera frumkvöðlar á sínu sviði í uppbyggingu náms, vera öðrum fyrirmynd og veita ráðgjöf, m.a. með fræðslufundum, námskeiðum og heimsóknum.

## Myndver

Í Réttarholtsskóla er starfrækt myndver þar sem nemendum úr skólum borgarinnar gefst kostur á að vinna með góðan útbúnað til ljósmyndunarvinnu og myndbandsgerðar. Tekið er á móti hópum úr þeim skólum sem vilja nýta sér þessa þjónustu í starfinu. Fagleg umsjón með starfinu er í höndum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Á árinu 2001 nýttu alls um 1.200 nemendur úr grunnskólum Reykjavíkur sér þessa þjónustu.

# Tengsl við grenndarsamfélagið

Með grenndarsamfélagi er átt við bæði landfræðilegt grenndarsamfélag, þ.e. náttúru og manngert umhverfi, og félagslegt grenndarsamfélag, s.s. fjölskyldur, stofnanir, félög og vinahópa.

## Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra barna á grunnskólaaldri fer fram í foreldraviðtölum, á foreldrafundum og með ýmiss konar kynningarfundum, s.s. um námsefni. Auk þess eru heilmikil óformleg samskipti milli foreldra og kennara.

Foreldraráð og foreldrafélög starfa við alla grunnskóla borgarinnar. Haldnir eru fundir skólastjórnenda með fulltrúum foreldra nokkrum sinnum á ári. Flest foreldrafélög standa á hverju ári fyrir uppákomum í samvinnu við skólann, efna til fjáröflunar og gefa skólunum gjafir.

## Forskóli tónlistarskóla

Í um 30% almennra grunnskóla sem eru með yngri barna kennslu, eða í 11 af 31, var starfræktur forskóli tónlistarskóla fyrir yngstu nemendurna haustið 2001. Um var að ræða fimm skóla í Grafarvogi, Engjaskóla, Foldaskóla, Hamraskóla, Húsaskóla og Rimaskóla þar sem Tónlistarskóli grunnskólanna í Grafarvogi var með starfsemi. Fjórir skólar í Breiðholti, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Seljaskóli og Ölduselsskóli voru í samstarfi við ÍTR sem sá um skóladagvist og inni í því var fornám í tónlist fyrir yngstu nemendurna. Tónlistarskólinn á Kjalarnesi starfar í Klébergsskóla og tónlistarskólinn Do-re-mí er með starfsemi í Melaskóla. Í þessum tveimur skólum gafst yngri nemendum kostur á að sækja tónlistarnám strax eftir kennslu á daginn gegn endurgjaldi.

## Vettvangsferðir í stofnanir og fyrirtæki

Á hverju ári fara nemendur grunnskólanna í vettvangsferðir innan borgarmarkanna og utan. Ferðirnar eru farnar í fyrirtæki og stofnanir til að kynnast starfsemi þeirra, farið er í menningarstofnanir til að njóta lista og útivist, náttúruskoðun og ferðir á sögustaði eru liður í námi um náttúru og sögu, auk þess sem slíkar ferðir eru farnar til skemmtunar og yndisauka (tafla 3.18).

## Fjölþjóðlegt samstarf

Á árinu 2001 tóku yfir 1.300 nemendur í 12 grunnskólum í Reykjavík þátt í fjölþjóðlegum verkefnum af ýmsu tagi ásamt nemendum í um 20 öðrum löndum, auk eins verkefnis sem nær nánast



*Tafla 3.18*

Vettvangsferðir nemenda árið 2001

| Staðir | Fjöldi skóla | Fjöldi nemenda | Árgangar |
|---|---|---|---|
| Stofnanir og fyrirtæki | 36 | 7.909 | 1.-10. bekkur |
| Söfn | 32 | 7.369 | 1.-10. bekkur |
| Leikhúsferðir, fræðsla og sýningar | 23 | 2.207 | 1.-5.og 7.-10. bekkur |
| Heimsóknir í kirkjur í hverfinu | 14 | 3.992 | 1.-7. bekkur, blandað |
| Skólaferðalög/Skólabúðir/ Næturgistingar | 17 | 3.208 | 5.-10. bekkur, aðeins 1 skóli fer með 1.-7. bekk |
| Elliðaár- og Laugardalur, Heiðmörk, Nauthólsvík | 9 | 1.873 | Blandað |
| Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn | 22 | 1.737 | 1.-10. bekkur |
| Trjágróðursetningar fyrir utan Reykjavík | 21 | 1.613 | 6.-7. bekkur aðallega, 1 skóli fer með 1.-7. bekk |
| Fjallaferðir, gengið á fjöll við Reykjavík | 9 | 1.111 | 1.-10. bekkur |
| Dagur með bónda í sveitinni | 13 | 1.104 | Blandað aðallega 1.-3. bekkur 1 skóli fer með 8.-10. bekk |
| Þingvellir, Laugarvatn og Selfoss | 10 | 824 | 2., 4.-6. og 9.-10. bekkur |
| Heimsóknir í skip, sjóferð um sundin | 12 | 816 | 4. bekkur, aðallega 6. bekkur, 8.-10. bekkur |
| Skautahöllin | 4 | 677 | 1.-10. bekkur |
| Heimsóknir í Borgarbókasafn Reykjavík | 10 | 419 | Blandað |
| Aðrir staðir | 21 | 3.081 | 1.-10. bekkur |

Hver skóli er aðeins talinn einu sinni en einn skóli fer í margar ferðir með sömu nemendurna og eru skólar misjafnlega virkir.
Heimsóknir á söfn eru bæði innan og utan Reykjavíkur.

um allan heim. Þetta er mikil fjölgun frá undanförnum árum, en árið 1999 lágu fyrir upplýsingar um 450 nemendur sem tóku þátt í slíkum verkefnum og um 680 árið 2000 (tafla 3.21).

Liður í alþjóðlegu samstarfi eru heimsóknir nemenda til nemenda í öðrum löndum og gestir sem sækja okkar nemendur heim. Á árinu 2001 fóru tæplega 200 nemendur 9. og 10. bekkja úr 6 skólum utan og voru í 4 til 10 daga. Farið var til Danmerkur, Finnlands, Englands og Frakklands. Samtals heimsóttu um 255 erlendir nemendur 10 grunnskóla í Reykjavík á árinu og dvöldu hér í 1 til 10 daga. Flestir komu frá Norðurlöndum, en einnig bar gesti að garði frá Frakklandi og Bandaríkjunum (tafla 3.22).

*Tafla 3.21*

## Fjölþjóðleg verkefni í grunnskólum Reykjavíkur árið 2001

| Heiti verkefnis | Fjöldi þátttakenda | Árgangar | Samstarfsland/lönd | Skóli |
|---|---|---|---|---|
| Comeníus | 89 | 8. og 9. bekkur | Danmörk/Svíþjóð/Tékkland/Ítalía | Austurbæjarskóli |
| Nemendaskipti | 45 | 9. bekkur | Danmörk | Álftamýrarskóli |
| Friðarverkefni | 5 | 9. bekkur | Bandaríkin | Álftamýrarskóli |
| Comeníus | 227 | 4. ,6.-8. bekkur | Þýskaland/Slóvakía/Litháen | Foldaskóli |
| Comeníus | 60 | 5. bekkur | Holland/Finnland/Írland/Danmörk | Grandaskóli |
| UT-verkefni | 60 | 4. bekkur | Ítalía | Grandaskóli |
| Comeníus | 64 | 4. bekkur | Holland/Danmörk/Finnland/Írland | Grandaskóli |
| Globe/umhverfisverkefni | 48 | 6. bekkur | Bandaríkin/Alþjóðlegt | Hlíðaskóli |
| Comeníus | 59 | 1. og 9. bekkur | Frakkland/Ítalía | Hólabrekkuskóli |
| Betri líðan í skólanum | 65 | 9. bekkur | Þýskaland/Tékkland/Slóvenía/Litháen | Hvassaleitisskóli |
| Skip og skipaleiðir | 19 | 9. bekkur | Þýskaland/Pólland/Litháen | Hvassaleitisskóli |
| Health and well being | 44 | 2.-3. bekkur | Ítalía/Malta/Wales/Danmörk | Korpuskóli |
| Sókrates/vináttuvefur | 52 | 4. bekkur | 20 Evrópulönd | Langholtsskóli |
| Comeníus I/Lingue I | 172 | 5. og 9.-10. bekkur | Tékkland/Svíþjóð/Frakkland | Langholtsskóli |
| Globe/umhverfisverkefni | 14 | 10. bekkur | Bandaríkin | Langholtsskóli |
| Comeníus/Building friendship | 100 | 4. bekkur | Evrópulönd | Langholtsskóli |
| Sókrates/nemendaskipti | - | 8.-10. bekkur | Noregur | Réttarholsskóli |
| Comeníus/Fairytales in our country | 170 | 1.-7. bekkur | Spánn/Svíþjóð | Selásskóli |
| Comeníus/fjölbreytni í Evrópu | 21 | 5.-9. bekkur | Svíþjóð/Þýskaland | Öskjuhlíðarskóli |

*Tafla 3.22*

## Heimsóknir erlendra nemenda í grunnskóla Reykjavíkur

| Skóli | Fjöldi gesta | Fæðingarár | Heimaland | Lengd heimsóknar | | Mánuður |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 25 | 1984-1986 | Danmörk | 1 | dagur | apríl |
| Austurbæjarskóli | 14 | 1985 | Danmörk | 1 | dagur | maí |
| Álftamýrarskóli | 6 | 1986/87 | Bandaríkin | 5 | dagar | apríl |
| Árbæjarskóli | 30 | 1988/89 | Danmörk | 7 | dagar | |
| Hagaskóli | 25 | 1985 | Svíþjóð | 1 | dagur | maí |
| Hlíðaskóli | 35 | 1986-1987 | Noregur | 3 | dagar | desember |
| Klébergsskóli | 15 | 1980-1988 | Noregur | 3 | dagar | febrúar |
| Langholtsskóli | 36 | 1986 | Danmörk | 1 | dagur | október |
| Langholtsskóli | 20 | 1986 | Frakkland | 10 | dagar | apríl |
| Laugalækjarskóli | 40 | 1987 | Danmörk | 1 | dagur | apríl |
| Öskjuhlíðarskóli | 9 | 1986/87/88 | Noregur | 3 | dagar | apríl |
| **Samtals** | **255** | | | | | |

## Samvinna við leikskóla

Samstarf leikskóla og grunnskóla í Reykjavík hefur verið að eflast jafnt og þétt á undanförnum árum. Hver grunnskóli tekur við börnum úr einum til þremur leikskólum. Samstarfið er einkum með þrennum hætti:

a) Aðlögun og kynning sem fram fer með gagnkvæmum heimsóknum milli leikskóla og grunnskóla.

b) Nemendum með sérþarfir er sinnt sérstaklega. Árlega eru haldnir fundir beggja aðila í apríl um væntanlega nemendur grunnskólans sem þurfa sérstuðning (að meðaltali eru um 40 börn í árgangi með sérstaka greiningu og fá stuðning sjá töflu 3.15).

c) Skipuleg móttaka 6 ára nemenda í grunnskólum. Markmið samstarfsins er að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna á þessum tímamótum og byggja starfið í grunnskólanum á fyrri reynslu barnanna í leikskólanum og stuðla þannig að samfellu í námi. Í niðurstöðum spurningalista til skóla kom fram að af 31 grunnskóla sögðust 25 vera með sérstaka dagskrá á skólaárinu til að kynna leikskólabörnum grunnskólann og veita upplýsingar á milli starfsmanna.

## Nám í samvinnu við framhaldsskóla

Skil á milli grunnskóla og framhaldsskóla eru að verða óskýrari. Það færist stöðugt í vöxt að nemendur á unglingastigi, einkum í 10. bekk, eigi þess kost að hefja nám á framhaldsskólastigi sem val í grunnskóla. Bæði er um bóklegt og verklegt nám að ræða. Annað hvort sækja nemendur námið í viðkomandi framhaldsskóla eða grunnskólinn sér um námið sem síðan er metið af framhaldsskóla, gjarnan með því móti að sama próf er lagt fyrir í grunnskólanum og framhaldsskólanum í viðkomandi áfanga. Framhaldsskólar með áfangakerfi meta einingar sem nemendur fá fyrir þessa áfanga inn í framhaldsnám. Alls luku 329 nemendur í 9 grunnskólum í Reykjavík framhaldsskólaáföngum á vorönn 2001. Langflestir þessara áfanga voru í bóklegum greinum, s.s. erlendum tungumálum, stærðfræði og íslensku, auk tölvuáfanga, og voru þeir teknir í eða undir handleiðslu Fjölbrautaskólans við Ármúla og Fjölbrautarskólans í Breiðholti, en hópur nemenda lauk einnig málmsmíði í Borgarholtsskóla (tafla 3.19). Á haustönn 2001 luku 270 nemendur í 13 grunnskólum í Reykjavík áföngum í Fjölbrautarskólanum við Ármúla, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og Borgarholtsskóla. Sem fyrr voru þessir áfangar flestir í bóklegum greinum, s.s. erlendum tungumálum, stærðfræði, félags- og náttúrufræðigreinum, auk tölvuáfanga, en einnig í málmsmíði og félagsþjónustu (tafla 3.20).

*Tafla 3.19*

### Framhaldskólaáfangar á unglingastigi á vorönn 2001

| Skóli | Framhaldsskóli | Áfangi | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|
| Árbæjarskóli | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Bók103, Ens102, Fra103, Ísl102, Stæ102, Þýs103, Töl101, Töl111, Töl121, Töl131 | 206 |
| Álftamýrarskóli | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Jarðfræði | 4 |
| Breiðholtsskóli | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Stæ103, þýska101 | 30 |
| Engjaskóli | Borgarholtsskóli | Málmsmíði | 14 |
| Fellaskóli | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Stæ101 | 4 |
| Foldaskóli | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Ens102 | 14 |
| Hólabrekkuskóli | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Stæ102 | 10 |
| Langholtsskóli | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Fra103, Þýs103 | 40 |
| Rimaskóli | Borgarholtsskóli | Málmsmíði | 7 |
| **Samtals** | | | **329** |

*Taflar 3.20*

### Framhaldskólaáfangar á unglingastigi á haustönn 2001

| Skóli | Framhaldsskóli | Áfangi | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | Menntaskólinn við Hamrahlíð | Stærðfræði 103 | 19 |
| Álftamýrarskóli | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Félagsfræði, efnafræði, jarðfræði | 30 |
| Árbæjarskóli | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Bókfærsla 103, franska 103, stærðfræði 103, þýska 103, tölvur 102,111, 121,131, enska 102, málmsmíði | 78 |
| Breiðholtsskóli | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Enska 101 | 12 |
| Engjaskóli | Borgarholtsskóli | Málmsmíði, félagsþjónustubraut | 10 |
| Fellaskóli | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Stærðfræði 102 | 5 |
| Foldaskóli | Borgarholtsskóli | Málmsmíði, félagsþjónustubraut, enska | 27 |
| Hamraskóli | Borgarholtsskóli | Málmsmíði, félagsþjónustubraut | 5 |
| Húsaskóli | Borgarholtsskóli | Franska | 12 |
| Langholtsskóli | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Bókfærsla, þýska | 27 |
| Réttarholtsskóli | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Stærðfræði 103, sænska | 3 |
| Seljaskóli | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Enska 102, stærðfræði 102, þýska 103 | 41 |
| Ölduselsskóli | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Fjarnám | 1 |
| **Samtals** | | | **270** |

*Mynd 3.8*

Hlutfall nemenda í skóladagvist haustin 1997-2001




*Mynd 3.9*

Hlutfall nemenda í aðstoð við heimanám haustin 1997-2001




*Tafla 3.23*

Næðisstund haust 2001

| Skóli | Árgangar sem fá næðisstund | Lengd næðisstunda (mínútur) |
|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1.-4. bekkur | 20 mín. |
| Álftamýrarskóli | 1.-4. bekkur | 35 mín. |
| Árbæjarskóli | 1.-7. bekkur | 30 mín. |
| Borgaskóli | 1.-4. bekkur | 20 mín. |
| Breiðagerðisskóli | 1.-4. bekkur | 30 mín. |
| Breiðholtsskóli | 1.-4. bekkur | 30 mín. |
| Engjaskóli | 1.-4. bekkur | 30 mín. |
| Fellaskóli | 1.-4. bekkur | 30 mín. |
| Grandaskóli | 1.-4. bekkur | 30 mín. |
| Hamraskóli | 1.-4. bekkur | 30 mín. |
| Háteigsskóli | 1.-4. bekkur | 30 mín. |
| Húsaskóli | 1.-2. bekkur | 30 mín. |
| Hvassaleitisskóli | 1.-4. bekkur | 30 mín. |
| Ingunnarskóli | 1.-4. bekkur | 25 mín. |
| Korpuskóli | 1.-4. bekkur | 15 mín. |
| Langholtsskóli | 1.-7. bekkur | 25 mín. |
| Laugarnesskóli | 1.-7. bekkur | 20 mín. |
| Melaskóli | 1.-4. bekkur | 25 mín. |
| Rimaskóli | 1.-3. bekkur | 20 mín. |
| Seljaskóli | 1.-4. bekkur | 20 mín. |
| Vesturbæjarskóli | 1.-7. bekkur | 20 mín. |
| Víkurskóli | 1.-3. bekkur | 20 mín. |
| Vogaskóli | 1.-4. bekkur | 30 mín. |
| Ölduselsskóli | 1.-4. bekkur | 20 mín. |

Af einsetnum skólum í borginni með yngri barna stig eða 1.-7. bekk eru allir með næðisstund nema tveir haustið 2001 (4 haustið 2000) en það eru Fossvogsskóli og Klébergsskóli. Húsaskóli var með næðisstund árið 2000 aðeins fyrir 1.bekk en hefur nú bætt 2.bekk við haustið 2001

Umsjónarkennari er með börnunum í skólastofunni á meðan þau borða nesti eða mat og les fyrir þau í flestum tilfellum, einnig er spjallað, spilað og hvílst.

# Síðdegisstarf í skólum

## Skóladagvist og næðisstund

Allir almennir grunnskólar og sérskólar í Reykjavík með nemendur á yngri barna stigi, buðu upp á skóladagvist, flestir fyrir börn í 1.-4. bekk. Undantekningar frá þessu voru Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Seljaskóli og Ölduselsskóli þar sem skóladagvist var á vegum ÍTR í 1.-3. bekk. Grandaskóli og Melaskóli voru með skóladagvist eingöngu fyrir 1.-2. bekk á haustönn 2001 en frá og með ármótum var áætlað að báðir skólarnir yrðu með skóladagvist fyrir 1.-4. bekk.

Þrátt fyrir að ekki hafi alls staðar verið boðið upp á skóladagvist í 3. og 4. bekk var hlutfall barna í skóladagvist í yngstu fjórum bekkjunum jafn hátt og á árinu á undan eða um 40% (mynd 3.8). Það bendir til þess að hlutfallsleg aukning hafi orðið í 1.-3. bekk.

Af einsetnum skólum í borginni með yngri barna stig eða 1.-7. bekk, eru allir með næðisstund nema tveir haustið 2001 (tafla 3.23).

## Aðstoð við heimanám

Allir skólarnir buðu nemendum upp á heimanámsaðstoð og var nýtingin mest á yngsta stigi þar sem tæplega 1.800 börn nýttu sér þessa þjónustu. Á miðstigi, þ.e. í 5.-7. bekk, voru rúmlega 600 nemendur í heimanámsaðstoð en einungis rúmlega 120 á unglingastigi (mynd 3.9).



## Frístundaheimili ÍTR og vinnustund

Á árinu hélt áfram tilraunaverkefni um breytt form á skóladagvist sem hófst haustið 2000 í fjórum skólum í Breiðholti, Breiðholtsskóla, Fellaskóla, Seljaskóla og Ölduselsskóla. Skóladagur nemenda í 2.-4. bekk hefur verið lengdur með svonefndri vinnustund sem stendur í eina klst. Í henni sjá bekkjarkennarar um ýmiss konar vinnu nemenda og aðstoða við heimanám. Eftir að skóla lýkur býður Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur upp á dvöl á frístundaheimili sem rekið er í skólunum kl. 14/15-17 og kemur það í stað skóladagvistar. Þessi tilraun stendur til vors 2002 en þá verður metið hvort þessu fyrirkomulagi verður komið á í allri borginni.

## Útleiga á skólahúsnæði

Liður í tengslum skóla við grenndarsamfélagið er að skólahúsnæði standi íbúum hverfanna opið til ýmiss konar starfsemi á kvöldin og um helgar. Það færist í vöxt að félög eða hópar leigi skólarými til félagsstarfsemi, s.s. félagsfunda, kóræfinga eða annarar félagsstarfsemi. Sem dæmi má nefna að leikfimiaðstaða nokkurra skóla var leigð íþróttafélögum, tónlistaraðstaða til tónlistarskóla og Melaskóli var leigður í einn mánuð sumarið 2001 af framleiðendum kvikmyndarinnar Regínu.

## Nýting skólahúsnæðis

Í könnun sem gerð var á meðal skólanna á nýtingu skólastofa og sala eftir að skóladegi lýkur svöruðu 34 skólar. Þar af var einhver nýting til tómstundastarfa í 25 skólum. Skólahljómsveitir og kórar eru algengir notendur og ÍTR er með tómstundastarf fyrir börn og unglinga. Þá er nokkur notkun á leikfimisölum. Einnig var skólahúsnæði nýtt fyrir hina fjölbreytilegustu starfsemi í grenndarsamfélaginu, s.s. kirkjustarf, skátastarf, hljóðfærakennslu, AA-fundi, Vinnuskólann og foreldrastarf.

# Sjálfstæði skóla og stjórnun

Fjárhagslegt sjálfstæði skóla hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum árum samfara aukinni dreifstýringu í borginni. Haustið 2001 náðist það takmark að allir almennu skólarnir og einn sérskóli höfðu fengið viðbótarfjármagn til stjórnunar til að mæta auknum verkefnum skólanna (sjá kafla um fjármálasvið Fræðslumiðstöðvar). Á sama tíma náðist einnig það markmið að allir almennu skólarnir voru komnir með námsráðgjafa. Á árinu 2001 urðu fjárframlög til skólanna nemendamiðuð, þ.e. bæði rekstur og kennslumagn og undirbúnar voru breytingar á úthlutun fjármagns vegna sérkennslu. Haustið 2001 voru um 59% skólanna komnir með skipurit. Eftirlit með skólunum fer fram í gegnum skóladagatöl sem send eru til Fræðslumiðstöðvar á vorin, skólanámskrár sem sendar eru inn á haustin, rekstraráætlanir skóla í upphafi árs (þær fyrstu voru unnar á árinu) og skólahaldsskýrslur á vorin (svör við spurningalistum sem sendir eru til skólanna). Á árinu voru gerð fyrstu drög að skorkorti fyrir fræðslumál í Reykjavík en í það eru valdir mikilvægir mælikvarðar til að sjá afrakstur starfsins. Það skiptist í fjóra meginkafla: Þjónusta, fjármál, vinnuferlar og starfsmenn. Gerð skorkorta í öllum málaflokkum er liður í því að bæta þjónustu við borgarbúa.



*Tafla 3.25*

Fjöldi starfsmanna í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2001

| Starfsmenn | Fjöldi |
|---|---|
| Kennarar, þ.m.t. stjórnendur, námsráðgjafar o.fl. | 1.488 |
| Leikskólakennarar, þroskaþjálfar | 46 |
| Starfsmenn skóla, skólaliðar, skrifstofufólk, umsjónarmenn, kaffiumsjón | 468 |
| Stuðningsfulltrúar | 142 |
| Aðrir (tölvuumsjónarmenn, yfirmenn mötuneyta o.fl.) | 40 |
| Starfsfólk í ræstingu eingöngu | 225 |
| **Samtals** | **2.409** |

*Mynd 3.10*

## Hlutfall starfsmanna eftir starfssviðum




# Starfsmenn skóla

Við grunnskóla Reykjavíkur störfuðu um 2.400 starfsmenn haustið 2001, þar af voru um 1.490 kennarar, námsráðgjafar eða stjórnendur. Aðrir starfsmenn voru um 920 (mynd 3.10 og tafla 3.25).

## Skólastjórnendur

Skólastjórar í grunnskólum Reykjavíkur voru jafnmargir skólunum eða 40. Aðstoðarskólastjórar voru 45 þar sem í fjórum skólum voru tveir aðstoðarskólastjórar og í tveimur ein og hálf staða aðstoðarskólastjóra. Í tveimur skólum skiptu tveir með sér einni stöðu aðstoðarskólastjóra. Í fjórum skólum var enginn aðstoðarskólastjóri en í einum þeirra var aðstoðarskólastjóri í orlofi. Haustið 2001 voru 65% skólastjóra grunnskóla Reykjavíkur karlar og 35% konur, en það er sama hlutfall og á fyrra ári. Hlutfallið í hópi aðstoðarskólastjóra var 75% konur á móti 25% karla en var 69% konur á móti 31% karla á fyrra ári. Sex skólastjórar og einn aðstoðarskólastjóri störfuðu í einkaskólunum fimm. Haustið 2001 var í fyrsta sinn sett á laggirnar sérstakt stuðningskerfi fyrir nýja skólastjóra, en það felur í sér að tilteknir skólastjórar taka að sér að gerast svokallaðir „mentorar“ og veita ráðgjöf til nýrra skólastjóra.

*Tafla 3.24*

### Yfirlit yfir skólastjórafundi árið 2001

| Mánuður | Fundarstaður | Efni |
|---|---|---|
| Janúar | Vogaskóli | Móðurskólar í náttúrufræðum |
| Febrúar | Breiðagerðisskól | Borgarhlutafundur, 2 |
| Febrúar | Seljaskóli | Borgarhlutafundur, 4 |
| Febrúar | Hlíðaskóli | Borgarhlutafundur, 1 |
| Mars | Rimaskóli | Borgarhlutafundur, 3 |
| Mars | Námsferð til Árborgar | |
| Maí | Jaðar, hús O.R. í Heiðmörk | Litið um öxl |
| Júní | Ártúnsskóli | Starfsáætlun 2002 |
| Ágúst | Hvassaleitisskóli | Nýju skólaári fagnað |
| September | Fellaskóli | Starfsáætlun 2002 |
| Október | Álftamýrarskóli | Forvarnir í skólum og forvarnarstefna skóla, þ.m.t. fíknivarnir og einelti |
| Nóvember | Borgaskóli | Stefna í sérkennslumálum, drög |
| Desember | Gerðuberg/Fræðslumiðstöð | Rektor Háskóla Íslands flutti erindi/Móttaka |

## Samvinna fræðslustjóra og skólastjóra

Fræðslustjóri er í nánu samstarfi við skólastjóra. Formlegt samstarf þessara aðila felst meðal annars í mánaðarlegum fundum fræðslustjóra með skólastjórum og stundum einnig aðstoðarskólastjórum um ýmiss efni, þ.m.t. fundir um starfsáætlun. Haldnir voru 8 fundir fræðslustjóra með skólastjórum í Reykjavík á árinu og auk þess sótti fræðslustjóri fundi skólastjóra í öllum borgarhlutunum fjórum í febrúar og mars. Yfirleitt var eitt meginefni á dagskrá en málefni líðandi stundar einnig rædd og fyrirspurnum svarað (tafla 3.24). Auk þess var farið í kynnisferð til Árborgar í mars og Fjölbrautarskóli Suðurlands á Selfossi og grunnskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri heimsóttir. Þemað var einstaklingsmiðuð kennsla og samvinna nemenda með aðstoð tölvutækni.

Fræðslustjóri hitti reglulega svonefnt Samráð sem í sitja einn skólastjóri úr hverjum borgarhluta og fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur, en það er fræðslustjóra til ráðgjafar og er vettvangur upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta. Fundir í Samráðinu voru 8 á árinu. Þar var afar margt rætt, form og innihald funda fræðslustjóra með skólastjórum, endurmenntun, fræðslufundir, námsferðir, sérdeildir, forfallakennsla, fjármál, kjarasamningar og áhrif þeirra, heilsugæsla í skólum, Fasteignastofa Reykjavíkur, hlutverk Samráðs, stuðningur við nýja skólastjóra og hverfavæðing Reykjavíkur, svo eitthvað sé nefnt. Fræðslustjóri átti starfsmannasamtöl við helming skólastjóra á árinu eða alls 20.

Skrifstofustjóri á skrifstofu fræðslustjóra er tengiliður fræðslustjóra við skólastjóra, aðstoðar hann við undirbúning funda með skólastjórum og veitir skólastjórum ráðgjöf um stjórnun og skipulagsmál.

Ellert Borgar Þorvaldsson, skólastjóri Ártúnsskóla, varð formaður Skólastjórafélags Reykjavíkur á árinu 2001. Fulltrúar félagsins tóku á árinu þátt í mörgum vinnuhópum á vegum Fræðslumiðstöðvar.

## Símenntun skólastjórnenda

Árleg námsferð fræðslustjóra og skólastjóra var til Bath á Bretlandi að þessu sinni og var þema ferðarinnar dreifstýring, sjálfstæði skóla og stjórnun þeirra. Þetta þema varð fyrir valinu þar sem sjálfstæði skóla í Reykjavík, einkum fjárhagslegt sjálfstæði, hefur aukist mikið á undanförnum árum og var áhugi á að kynnst þessum þætti í Bretlandi. Bath varð fyrir valinu þar sem borgin hafði komið mjög vel út í mati.

Á árinu 2001 var ákveðið að símenntun skólastjóra skólaárið 2001 - 2002 yrði fyrst og fremst í formi fræðslufunda um markverð þróunarverkefni í skólunum. Þá lauk á árinu 2001 námskeiði fyrir skólastjóra og stjórnendur á Fræðslumiðstöð sem hófst vorið 2000. Námskeiðið sem bar heitið Stjórnun skóla í breyttu umhverfi var haldið í samvinnu við Háskólann í Reykjavík og fjallaði um stjórnun breytinga, leiðtogahlutverk skólastjórans, menningu fyrirtækja, árangursstjórnun, aðstæðustjórnun, gæðahugsun, sveigjanleika og starfsmannastjórnun, auk fjármálastjórnunar.

Námskeið fyrir aðstoðarskólastjóra var haldið í samvinnu við Kennaraháskóla Ísland og Íslenska menntanetið og fjallaði um innleiðingu á notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Það hófst í september 2000 og lauk í maí 2001 með heimsókn í Varmalandsskóla, en hann er einn af fjórum grunnskólum sem hlutu þróunarstyrk frá menntamálaráðuneyti til að vinna að þróun á notkun upplýsingatækni í skólastarfi (UST). Einnig var farið í heimsókn í Andakílsskóla, en sérstaða hans eru tengsl skólans við það landbúnaðar- og háskólaumhverfi sem skólinn er hluti af. Áhersla er lögð á tengsl við samfélagið og að samhengi sé í því sem börnin læra í skólanum og því sem þau upplifa í heimabyggð sinni.

## Kennarar

Kennarar eru fjölmennastir í starfsliði grunnskóla Reykjavíkur. Haustið 2001 voru þeir alls 1.488 að meðtöldum stjórnendum, námsráðgjöfum o.fl., eða um 62% heildarfjölda starfsmanna skólanna. Leikskólakennarar og þroskaþjálfar voru 46 að tölu eða 2% (mynd 3.10). Um 81% kennara voru í fullu starfi og er það hlutfall ívið minna en árið áður þegar það var 83%. Haustið 2001 voru 11 nemendur á hvert stöðugildi kennara í öllum grunnskólum Reykjavíkur sem er svipað og undanfarin ár, eða 11,6 í almennum skólum og 2,2 í sérskólum.

## Stuðningsfulltrúar, skólaliðar, umsjónarmenn, ritarar o.fl.

Stuðningsfulltrúar voru alls 142 í 95 stöðugildum haustið 2001 eða 6% starfsmanna skólanna. Starfsmenn skóla, skólaliðar, skrifstofufólk, umsjónarmenn og kaffiumsjónarkonur voru alls 468 í 390 stöðugildum haustið 2001 eða um 20% starfsmanna skólanna (mynd 3.10). Skólaliðar sinna sömu störfum og almennir starfsmenn en sinna einnig ræstingu meðfram öðrum störfum yfir daginn. Alls sinntu um 225 starfsmenn eingöngu ræstingu.

Fjöldi nemenda á stöðugildi annarra starfsmanna en kennara var 28,1 í öllum grunnskólunum haustið 2001, eða 29,5 í almennum skólum og 4,0 í sérskólum.

# Símenntun - námskeið og fræðslufundir

## Símenntun starfsfólks grunnskóla

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur sá um eða veitti ráðgjöf varðandi margþætta símenntun fyrir starfsfólk grunnskólanna í Reykjavík á árinu 2001. Í kjarasamningum sem gerðir voru á árinu, m.a. við Eflingu,





Kennarasambandið og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, en í þeim stéttarfélögum eru langflestir starfsmenn grunnskólanna, eru ákvæði um að allar stofnanir skuli gera símenntunaráætlanir fyrir starfsfólk sitt. Virk þátttaka starfsmanna í símenntunaráætlun viðkomandi stofnunar er tengd launaflokkum.

Þessi nýju ákvæði hafa meðal annars leitt til þess að dregið hefur úr aðsókn að hefðbundnum kennaranámskeiðum en meiri áhersla er lögð á námskeið sem eru sérhönnuð með þarfir hvers skóla í huga og eru þá gjarna fyrir fleiri hópa starfsmanna en kennara eingöngu.

Fræðslumiðstöð, hélt eins og áður, fræðslufundi fyrir ýmsa markhópa, til dæmis faggreinakennara, námsráðgjafa og fleiri hópa starfsmanna um ýmis efni (sjá töflur 3.26 og 3.27).

*Tafla 3.26*

## Námskeið á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur 2001

| Heiti/inntak | Markhópur | Fjöldi námskeiða | Stundafjöldi alls | Hámarksfjöldi þátttakenda | Fjöldi sem lauk námskeiði |
|---|---|---|---|---|---|
| Agi og bekkjastjórun | | 2 | 90 | Enginn | 53 |
| Agresso | Stjórnendur og aðrir notendur | 8 | 32 | 42 | 38 |
| Fyrstu skrefin á netinu, power point og excel | Skólaritarar og fleiri | 6 | 30 | 60 | 47 |
| Gerð einstaklingsnámskrár | Sérkennarar og fleiri | 1 | 30 | 25 | ólokið |
| Greining lestrarörðugleika | Sérkennarar | 1 | 20 | 25 | 15 |
| Heildstæð kennsla náttúruvísinda | Náttúrufræðikennarar | 1 | 40 | 25 | 18 |
| Kennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku | Kennarar sem kenna nemendum með annað móðurmál en íslensku | 1 | 20 | 30 | 29 |
| Kvikmyndun/myndbönd | Kennarar | 2 | 40 | 24 | 20 |
| Lestrarkennsla barna með sértæka lestrarörðugleika | Kennarar | 1 | 20 | 30 | ólokið |
| Lestrarkennsla og lesskimun í 1. og 2. bekk | Kennarar | 1 | 20 | 30 | 31 |
| Lestrarkennsla og lesskimun í 3. - 5. bekk | Kennarar | 1 | 20 | 30 | 22 |
| Næring og hollustuhættir | Starfsmenn í mötuneytum | 2 | 48 | 24 | 19 |
| Nýliðar í kennslu | Nýir kennarar og leiðbeinendur | 1 | 20 | enginn | er allan veturinn |
| Skyndihjálp | Allir starfsmenn skóla | 4 | 68 | enginn | 77 |
| Stærðfræðinám og kennsla í 1. - 6. bekk | Stærðfræðikennarar á yngri stigum grunnskóla | 1 | 40 | 30 | 25 |
| Starfsmannastjórnun og skipulagning | Umsjónarmenn skóladagvista og skóla | 1 | 20 | enginn | 30 |
| Starfsnám fyrir stuðningsfulltrúa | Stuðningsfulltrúar | 1 | 182 | 20 | 19 |
| Táknmál | Starfsmenn í Hlíðaskóla | 2 | 40 | 26 | 26 |
| Þróun kennsluhátta | Allir kennarar viðkomandi skóla | 5 | 100 | enginn | 141 |
| Upplýsinga- og samskiptatækni í almennri kennslu | Allir kennarar viðkomandi skóla | 11 | 220 | 170 | 163 |
| Upplýsingatækni | Bókasafnsfræðingar og skólasafnakennarar | 1 | 20 | 15 | 12 |
| **Samtals** | | **54** | **1.139** | **666** | **785** |

*Tafla 3.27*

## Fræðslufundir fyrir starfsfólk grunnskóla Reykjavíkur á vegum Fræðslumiðstöðvar árið 2001

| Markhópur | Fjöldi funda | Fjöldi þátttakenda | Fundarefni meðal annars |
|---|---|---|---|
| Aðstoðarskólastjórar | 7 | 174 | Kynning á starfi ýmissa skóla í Reykjavík og í Borgarfirði. Notkun upplýsingatækni í kennslu. Að flytja mál sitt af sannfæringarkrafti. |
| Skólastjórnendur og starfsmenn á skrifstofum skólanna | 5 | 92 | Frágangur launagagna. Vinnuréttur. Nýir kjarasamningar. |
| Skólastjórar, deildarstjórar og fleiri hópar | 3 | 105 | Islam sem menning, trú og lífssýn. Stjórnsýslu-, upplýsinga-, og barnalög. |
| Námsráðgjafar | 4 | 85 | Áföll og sorgarferli hjá börnum. Fordómar. Mannrækt -gáfur. |
| Umsjónarmenn skóladagvista | 5 | 115 | Miðlun hugmynda og að skiptast á skoðunum. Starfsánægja. Skipulag í skóldagvist og fleira. |
| Umsjónarmenn tölvuneta í grunnskólum | 8 | 160 | Netstjórn í skólum og annað varðandi tölvur í grunnskólum. |
| Kennarar sem meðal annars kenna nýbúum | 4 | 115 | Málþing um menningarheim erlendra barna búsettra á Íslandi. Fræðsla um trúarbrögð, fræðsla um fordóma, hagnýt verkefni, verkefnagerð, leikir. |
| Kennarar sem kenna norsku og sænsku | 5 | 18 | Sænsku- og norskukennsla í grunnskólum. |
| Kennarar sem kenna verk- og listgreinar | 4 | 36 | Leiklist sem leið í kennslu. Danskennsla. |
| Sérkennarar, talkennarar og fleiri | 9 | 178 | Kynning á sérkennslustefnu, námsörðugleikar, erfiður bekkur. Skimun og fjölbreyttir kennsluhættir í 1. bekk, hljómsjá. |
| Kennarar sem kenna náttúruvísindi, stærðfræði og upplýsingatækni | 7 | 146 | Námsmat í náttúrufræði. Samræmt próf í náttúrufræði. Stærðfræði í umhverfinu - heimaverkefni. Nám í stjörnufræði, kynning á nýju námsefni. Áhrif upplýsinga- og samskiptatækni á nám og kennslu. BETT. |
| Kennarar yngri barna | 2 | 80 | Leiðbeiningar um lesskimunarpróf. Nýtt námsefni í stærðfræði. |
| Ýmsir hópar kennara | 8 | 168 | Námsmat í tungumálakennslu. Erfiður bekkur, hvað er til ráða. Evrópskt tungumálaár, fjölmenningarlegir dagar. Stóra upplestrarkeppnin. Læsi og áhugahvöt í lestri. |
| Nýliðar við kennslu í Reykjavík | 6 | 107 | Undirbúningur fyrir kennslu. Námsefni, kennslutæki og gögn. Samstarf við foreldra. Lestrarkennsla, stærðfræði. Námsmat og fleira. |
| Leiðsögukennarar í Reykjavík | 4 | 43 | Leiðsögn með nýliðum. |
| Smíðakennarar | 6 | 68 | Námskrá, námsefni og samráð smíðakennara. |
| **Samtals** | **87** | **1.690** | |

*Tafla 3.28*

### Styrkir vegna framhaldsnáms kennara og skólastjórnenda í Reykjavík

| Skóli | Styrkþegar | Upphæð |
|---|---|---|
| Álftamýraskóli | 1 | 250.000 |
| Breiðagerðisskóli | 1 | 250.000 |
| Breiðholtsskóli | 1 | 125.000 |
| Grandaskóli | 2 | 500.000 |
| Hlíðaskóli | 1 | 250.000 |
| **Samtals** | **6** | **1.375.000** |

*Tafla 3.29*

### Styrkir úr ferðasjóði grunnskólakennara

| Skóli | Styrkþegar | Upphæð |
|---|---|---|
| Álftamýraskóli | 1 | 25.000 |
| Breiðholtsskóli | 1 | 25.000 |
| Fellaskóli | 3 | 105.000 |
| Foldskóli | 5 | 170.000 |
| Grandaskóli | 1 | 25.000 |
| Hagaskóli | 1 | 25.000 |
| Háteigsskóli | 1 | 40.000 |
| Hólabrekkuskóli | 4 | 115.000 |
| Langholtsskóli | 1 | 25.000 |
| Laugarnesskóli | 1 | 25.000 |
| Melaskóli | 2 | 50.000 |
| Réttarholtsskóli | 2 | 50.000 |
| Rimaskóli | 1 | 25.000 |
| Selásskóli | 5 | 170.000 |
| Vesturbæjarskóli | 1 | 25.000 |
| Ölduselsskóli | 1 | 25.000 |
| **Samtals** | **31** | **925.000** |

## Námskeið, kynnisferðir og fræðslufundir

Á árinu 2001 fóru aðstoðarskólastjórar og kennsluráðgjafar í heimsóknir í nokkra skóla í Reykjavík með það að markmiðið að kynna sér sérstöðu og áherslur í viðkomandi skólum. Skólar í Reykjavík sem heimsóttir voru á árinu 2001 voru Austurbæjarskóli, Breiðagerðisskóli, Breiðholtsskóli, Fossvogsskóli, Laugarnesskóli og Öskjuhlíðarskóli.

Fræðslumiðstöð stóð fyrir ýmsum styttri námskeiðum og fræðslufundum fyrir stjórnendur skólanna í samvinnu við Ráðhúsið, til dæmis um fjárhagskerfið Agresso, rekstraráætlanir, ýmsa þætti vinnuréttar, kjarasamninga, stjórnsýslu og upplýsingalög. Ennfremur sóttu skólastjórnendur ráðstefnu og námskeið varðandi nýtt starfsmannakerfi fyrir Reykjavíkurborg sem fyrirhugað er að taka í notkun á árinu 2002.

Menntamálaráðuneytið veitir styrki til kennaranámskeiða.

## Nám fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða

Fræðslumiðstöð stóð á árinu fyrir námi fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í samvinnu við Borgarholtsskóla eins og fyrra ár. Námið gefur einingar á framhaldsskólastigi. 12 stuðningsfulltrúar úr grunnskólum Reykjavíkur hófu 13 eininga nám í apríl og luku því í desember. Leitast er við að skipuleggja námið þannig að það fari að mestu fram á þeim tíma sem nemendur grunnskólans eru ekki í skólanum. Stuðningsfulltrúar úr öðrum sveitarfélögum sækja einnig þetta nám. Auglýst var ellefu eininga nám fyrir skólaliða sem átti að halda í Borgarholtsskóla, en vegna lítillar eftirspurnar varð að fella það niður.

## Styrkir til framhaldsnáms kennara og skólastjórnenda

Árlega eru kennurum og skólastjórnendum í framhaldsnámi á háskólastigi veittir námsstyrkir, en þeim var í fyrsta sinn úthlutað árið 1997. Árið 2001 bárust alls 6 umsóknir um styrki til framhaldsnáms, 5 fengu fullan styrk 250.000 kr. og einn fékk hálfan styrk (tafla 3.28). Við ákvörðun um styrkúthlutun var unnið út frá eftirfarandi forsendum:

- Að umsækjandi ynni við grunnskóla Reykjavíkur
- Að umsækjandi væri að ljúka framhaldsnámi
- Að umsækjandi hefði ekki hlotið styrk/kennsluafslátt frá Reykjavíkurborg áður í viðkomandi námi.

## Ferðasjóður kennara

Hlutverk Ferðasjóðs grunnskóla Reykjavíkur er að styrkja námsferðir kennara. Sjóðurinn styrkir eingöngu ferðir einstaklinga sem starfa við grunnskóla borgarinnar, en ekki kennarahópa. Á árinu bárust 72 umsóknir að upphæð kr. 5.294.000 og var 31 kennara veittur styrkur, samtals að upphæð kr. 925.000 (tafla 3.29).



## Erlend samskipti

Liður í símenntun kennara er að fara utan og heimsækja skóla í öðrum löndum til að læra af þeim og flytja heim nýjar hugmyndir og reynslu úr skólastarfi. Kennarar úr 23 skólum kynntu sér skólastarf erlendis á árinu og fóru rúmlega 120 til Bretlandseyja og meginlands Evrópu, tæplega 50 til Norðurlanda og rúmlega 30 til Bandaríkjanna (tafla 3.30). Erlendir gestir sækja einnig reykvíska skóla heim. Á árinu fengu 22 skólar í borginni heimsóknir tæplega 300 gesta erlendis frá (tafla 3.31).

# Húsnæði og búnaður

Haustið 2001 var heildarflatarmál skólahúsnæðis almennra grunnskóla í Reykjavík 157.266 $m^2$ og hafði aukist um 4.422 $m^2$ frá fyrra ári (tafla 3.32). Tveir nýir skólar, Víkurskóli og Ingunnarskóli í Grafarholti, hófu störf haustið 2001. Í Víkurskóla hófu nemendur í 1.-8. bekk nám í nýju húsnæði en í Ingunnarskóla hófu sömu árgangar nám í færanlegu kennsluhúsnæði. Tveir skólar, Álftamýrarskóli og Ártúnsskóli, urðu einsetnir haustið 2001, en þá voru enn fjórir skólar tvísetnir (tafla 3.33).

*Tafla 3.30*

### Hópferðir kennara og starfsmanna til útlanda

| Skóli | Áfangastaður | Fjöldi þátttakenda | Dagafj. |
|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | Spánn, Barcelona | 35 | 3 |
| Austurbæjarskóli | Tékkland | 3 | 7 |
| Álftamýrarskóli | England | 1 | 3 |
| Árbæjarskóli | England, London | 2 | 5 |
| Ártúnsskóli | England, Bath | 1 | 5 |
| Breiðagerðisskóli | Ítalía, Bologna, Moden | 17 | 7 |
| Breiðholtsskóli | Holland | 2 | 0 |
| Einholtsskóli | Holland, Enscede, Hengelo, Amsterdam | 8 | 8 |
| Fellaskóli | Bandaríkin, Baltimore | 2 | 7 |
| Fellaskóli | England, Bath | 1 | 7 |
| Fellaskóli | England, London | 4 | 4 |
| Foldaskóli | Austurríki, Eisen | 1 | 4 |
| Foldaskóli | Bandaríkin, Minnesota | 4 | 5 |
| Grandaskóli | Svíþjóð | 2 | 4 |
| Grandaskóli | Ítalía | 1 | 4 |
| Grandaskóli | England | 2 | 4 |
| Hamraskóli | Danmörk, Kaupmannahöfn | 4 | 4 |
| Háteigsskóli | Skotland, Edinborg | 30 | 7 |
| Hlíðaskóli | Bandaríkin, Charlottesville | 24 | 8 |
| Hólabrekkuskóli | Danmörk, Sjáland | 30 | 4 |
| Hvassaleitisskóli | Tékkland, Mélmik | 2 | 4 |
| Hvassaleitisskóli | Pólland/Litháen, Iwoniczu, Mariampole | 3 | 8 |
| Langholtsskóli | England, Birmingham | 1 | 7 |
| Laugalækjarskóli | Írland, Dublin | 1 | 7 |
| Melaskóli | England, Guildford | 2 | 2 |
| Réttarholtsskóli | Noregur, Osló | 1 | 5 |
| Rimaskóli | Danmörk, Kaupmannahöfn | 4 | 7 |
| Selásskóli | England, London | 5 | 7 |
| Selásskóli | Bandaríkin, Boston | 3 | 14 |
| Selásskóli | Svíþjóð | 3 | 5 |
| Waldorfskólinn Sólstafir | Noregur, Osló | 3 | 6 |
| Öskjuhlíðarskóli | England, Bath | 1 | 8 |
| Öskjuhlíðarskóli | Bandaríkin, Colebrookdale | 1 | 9 |
| **Samtals** | | **204** | |



*Tafla 3.31*

## Heimsóknir erlendra gesta í grunnskóla Reykjavíkur (aðrir en nemendur)

| Skóli | Fjöldi gesta | Heimaland gesta | Markmið heimsóknar |
|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 56 | Noregur/Svíþjóð/Belgía | Kynning á skólanum/Kenna á námskeiði í fjölmenningarl. kennsluháttum |
| Álftamýrarskóli | 4 | Bandaríkin | Undirbúningur ráðstefnu/Almenn samskipti |
| Ártúnsskóli | 15 | Svíþjóð/Ýmis Evrópulönd/Bandaríkin og samvinna | Kynning á skólanum/Lífsleiknikynning |
| Breiðholtsskóli | 1 | Svíþjóð | Kynnast íslenskum skóla |
| Engjaskóli | 10 | Peking | Kynning á skólanum |
| Foldaskóli | 11 | Þýskal/Slóvakía/Bandaríkin/Ítalía/Finnland | Undirbúningur Comeníusar- og Sókrates verkefna/Námskeið fyrir kennara |
| Fossvogsskóli | 9 | Svíþjóð | Kynnast íslenskum skóla |
| Grandaskóli | 13 | Ýmis Evrópulönd | Nám í upplýsingatækni/Skiptikennarar/Kynnast íslenskum skóla |
| Hagaskóli | 15 | Finnland | Kynning á skólanum |
| Háteigsskóli | 6 | Svíþjóð/Noregur | Kynning á skólanum |
| Hlíðaskóli | 4 | Danmörk/Noregur | Kynning á skólanum/Lestrarkeppni |
| Hvassaleitisskóli | 26 | Tékkland/Þýskaland/Ghana/Bandaríkin/Finnland/Danmörk | Undirbúningur á samstarfsverkefni/Matur og líðan nemenda/Kynning á skólanum |
| Korpuskóli | 14 | Ýmis Evrópulönd/Kanada | Undirbúningur á samstarfsverkefni/Kynning á skólanum |
| Laugarnesskóli | 3 | Noregur/Þýskaland | Kynning á skólanum |
| Melaskóli | 24 | Svíþjóð | Kennarar og foreldra 15 ára kynnast íslenskum skóla |
| Réttarholtsskóli | 22 | Danmörk/Noregur/Finnland | Kynning á skólanum |
| Rimaskóli | 3 | Finnland | Samstarf sérgreinakennara |
| Safamýrarskóli | 18 | Finnland/Svíþjóð/Spánn | Kynning á skólanum |
| Selásskóli | 19 | Noregur/Svíþjóð | Kynning á framkvæmd umhverfisstefnu/Kynnig á náttúrufræðikennslu |
| Tjarnarskóli | 5 | Indland/England/Japan | Fræðsla/Kynning á japanskri pappírslist |
| Vesturbæjarskóli | 13 | Ýmis Norðurlönd | Kynning á skólanum |
| Waldorfskólinn Sólstafir | 1 | Noregur | Handleiðsla kennara |

## Undirbúningur Ingunnarskóla

Undirbúningur nýs skóla í Grafarholti, Ingunnarskóla, hófst í byrjun árs 2001 á vegum byggingadeildar borgarverkfræðings og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Ákveðið var að haga undirbúningi hans með nokkuð öðrum hætti en gert hefur verið áður og var bandarískur arkitekt, Bruce Jilk, ráðinn sem ráðgjafi í þeirri vinnu og til að vinna 20% hönnunarvinnunnar. Hann er einn að frumkvöðlum aðferðar við undirbúning skólabygginga sem þróuð var í Bandaríkjunum og hefur verið nefnd The Design Down Process. Þessi aðferð var viðhöfð við undirbúning Ingunnarskóla undir stjórn Bruce Jilk. Um 30 manna hópur fólks úr ýmsum áttum, foreldrar, skólafólk og byggingaaðilar, komu saman í 6 vinnudaga á vorönn 2001 og fór í gegnum ákveðna hugmyndavinnu innan ramma skilgreinds ferlis sem skiptist í um 12 þrep. Ferlið hófst á því að skoða hið almenna, en nálgast síðan það sérstæða við skólann smátt og smátt. Byrjað var á því að skoða almennt umhverfi skólans, samfélagslegt og umhverfislegt, s.s. námsaðstæður og væntingar til starfsins almennt, og nálgast síðan skólann sjálfan, innra starf hans og útlit, þ.e. einkenni, námsskipan og námsumhverfi, skref fyrir skref. Þannig er leitast er við að tengja saman í eina samfellda heild skipulag skólastarfsins, hönnun byggingar og þátttöku grenndarsamfélagsins í námi nemenda.

*Tafla 3.32*

## Húsnæði almennra grunnskóla í Reykjavík haustið 2001

| | Fjöldi bekkjardeilda 2001 | Fjöldi almennra kennslustofa | Fjöldi sérgreinastofa | Stofur alls | Þar af fjöldi færanlegra stofa | Heilsdagsskóli og sérkennsluherbergi | Stærð varanlegs húsnæðis í fermetrum | Einsetnir skólar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 28 | 29 | 7 | 36 | 4 | 15 | 5.635 | x |
| Álftamýrarskóli | 19 | 17 | 10 | 27 | 0 | 8 | 5.310 | x |
| Árbæjarskóli | 35 | 31 | 12 | 43 | 8 | 7 | 7.756 | x |
| Ártúnsskóli | 11 | 9 | 5 | 14 | 4 | 6 | 2.198 | x |
| Borgaskóli | 17 | 17 | 9 | 26 | 0 | 4 | 4.842 | x |
| Breiðagerðisskóli | 18 | 16 | 7 | 23 | 5 | 9 | 3.925 | x |
| Breiðholtsskóli | 28 | 28 | 11 | 39 | 7 | 6 | 6.931 | x |
| Engjaskóli | 21 | 24 | 9 | 33 | 5 | 6 | 4.967 | x |
| Fellaskóli | 26 | 26 | 12 | 38 | 0 | 10 | 8.604 | x |
| Foldaskóli | 31 | 26 | 12 | 38 | 3 | 8 | 6.388 | |
| Fossvogsskóli | 15 | 16 | 8 | 24 | 0 | 3 | 3.963 | x |
| Grandaskóli | 20 | 20 | 5 | 25 | 2 | 7 | 4.208 | x |
| Hagaskóli | 21 | 25 | 11 | 36 | 0 | 2 | 6.278 | x |
| Hamraskóli | 19 | 20 | 8 | 28 | 2 | 7 | 4.014 | x |
| Háteigsskóli | 20 | 20 | 10 | 30 | 0 | 3 | 4.199 | x |
| Hlíðaskóli | 27 | 18 | 6 | 24 | 2 | 20 | 6.222 | |
| Hólabrekkuskóli | 28 | 19 | 10 | 29 | 0 | 9 | 5.478 | |
| Húsaskóli | 23 | 23 | 7 | 30 | 6 | 5 | 4.592 | x |
| Hvassaleitisskóli | 17 | 18 | 7 | 25 | 0 | 4 | 4.274 | x |
| Ingunnarskóli | 8 | 8 | 3 | 11 | 11 | 0 | 0 | x |
| Klébergsskóli | 10 | 11 | 2 | 13 | 4 | 0 | 1.115 | x |
| Korpuskóli | 10 | 10 | 3 | 13 | 0 | 3 | 1.611 | x |
| Langholtsskóli | 26 | 23 | 12 | 35 | 0 | 4 | 6.417 | x |
| Laugalækjarskóli | 8 | 8 | 7 | 15 | 0 | 1 | 2.807 | x |
| Laugarnesskóli | 25 | 25 | 8 | 33 | 7 | 8 | 3.735 | x |
| Melaskóli | 28 | 28 | 13 | 41 | 0 | 14 | 5.662 | x |
| Réttarholtsskóli | 13 | 13 | 8 | 21 | 0 | 12 | 5.205 | x |
| Rimaskóli | 36 | 31 | 8 | 39 | 8 | 12 | 7.645 | x |
| Selásskóli | 20 | 15 | 8 | 23 | 9 | 6 | 3.596 | |
| Seljaskóli | 32 | 32 | 11 | 43 | 3 | 7 | 6.526 | x |
| Vesturbæjarskóli | 15 | 14 | 6 | 20 | 0 | 6 | 3.604 | x |
| Víkurskóli | 8 | 9 | 0 | 9 | 0 | 0 | 1.000 | x |
| Vogaskóli | 21 | 16 | 5 | 21 | 7 | 7 | 2.715 | x |
| Ölduselsskóli | 30 | 25 | 8 | 33 | 4 | 12 | 5.844 | x |
| **Samtals:** | **714** | **670** | **268** | **938** | **101** | **231** | **157.266** | **30** |

1) Leiguhúsnæði fyrir heilsdagsskóla ekki meðtalið, 130 m$^2$.
2) Mosagerði 14A er talið með.
3) Skóladagvist v/Vesturhlíðarskóla er talin með.
4) Sundlaug og íþróttahús ekki meðtalin.
5) Kjallari í KHÍ, leikskólaskor, er talinn með.
6) Sérdeild Hagamel 19 er talin með.
7) Bjarkarhlíð er talin með.
8) Færanleg kennslurými grunnskóla, 6.939 m$^2$.

*Tafla 3.33*

## Yfirlit yfir einsetningu almennra grunnskóla

Einsetnir skólar og einsetningarár:

| Skóli | Ár |
|---|---|
| Hagaskóli | 1977 |
| Réttarholtsskóli | 1977 |
| Laugalækjarskóli | 1979 |
| Fossvogsskóli | 1989 |
| Klébergsskóli | 1989 |
| Breiðagerðisskóli | 1994 |
| Laugarnesskóli | 1994 |
| Vogaskóli | 1994 |
| Ölduselsskóli | 1994 |
| Breiðholtsskóli | 1995 |
| Húsaskóli | 1995 |
| Rimaskóli | 1995 |
| Austurbæjarskóli | 1996 |
| Hamraskóli | 1996 |
| Langholtsskóli | 1996 |
| Árbæjarskóli | 1997 |
| Engjaskóli | 1997 |
| Grandaskóli | 1997 |
| Seljaskóli | 1997 |
| Háteigsskóli | 1998 |
| Fellaskóli | 1999 |
| Korpuskóli | 1999 |
| Melaskóli | 1999 |
| Vesturbæjarskóli | 1999 |
| Hvassaleitisskóli | 2000 |
| Borgaskóli | 2000 |
| Álftamýrarskóli | 2001 |
| Ártúnsskóli | 2001 |
| Víkurskóli | 2001 |
| Ingunnarskóli | 2001 |

Skólar sem voru tvísetnir árið 2001:
Foldaskóli, Hlíðaskóli,
Hólabrekkuskóli, Selásskóli



# Nýbyggingar og breytingar á húsnæði

### Álftamýrarskóli
Tekin í notkun 502 m$^2$ viðbygging austan við skólann, sem tengir saman mötuneyti, sal og kennslustofur.

### Árbæjarskóli
Unnið að byggingu 1.740 m$^2$ viðbyggingar og salur skólans tekinn í notkun eftir verulegar endurbætur.

### Ártúnsskóli
Framkvæmdir hafnar við 728 m$^2$ viðbyggingu sem á að ljúka 2002.

### Borgaskóli
Allur skólinn tekinn í notkun en heildarstærð hans er 4.200 m$^2$.

### Breiðholtsskóli
Mötuneyti nemenda útbúið og tekið í notkun.

### Fellaskóli
Mötuneyti útbúið og tekið í notkun.

### Foldaskóli
Unnið að smíði viðbyggingar sem verður 1.497 m$^2$ ásamt endurskipulagningu eldra húss.

### Fossvogsskóli
Unnið að endurskipulagningu eldra húss og framkvæmdum að hluta.

### Hlíðaskóli
Hafist handa við 1.948 m$^2$ viðbyggingu.

### Hólabrekkuskóli
Hafist handa við 1.250 m$^2$ viðbyggingu.

### Ingunnarskóli
Hönnun hafin á nýjum skóla við Maríubaug í Grafarholti.

### Klébergsskóli
Unnið að smíði 1.489 m$^2$ viðbyggingar.

### Laugalækjarskóli
Samkeppni fór fram meðal arkitekta um hönnun tengibyggingar og nýtingu eldra húsnæðis. Niðurstöður dómnefndar lágu fyrir í ágústmánuði þar sem mælt var með tillögu Margrétar Harðardóttur og Steve Christer hjá Studio Granda. Tengibyggingin verður 780 m$^2$.

### Selásskóli
Unnið að smíði viðbótarhúsnæðis sem mun verða 1.519 m$^2$ ásamt endurskipulagningu eldra húsnæðis.

### Víkurskóli
Hluti nýbyggingar tekinn í notkun á árinu. Unnið við áframhaldandi smíði byggingarinnar sem verður 4.200 m$^2$.

# Færanlegar kennslustofur

Við grunnskóla Reykjavíkur eru 93 færanlegar kennslustofur. Ekki voru byggðar nýjar stofur á árinu en nokkrar voru fluttar á milli skóla. Settar voru upp stofur við eftirtalda skóla:

| | |
|---|---|
| Breiðholtsskóli | 2 stofur |
| Grandaskóli | 1 stofa |
| Ingunnarskóli | 8 stofur |
| Rimaskóli | 1 stofa |
| Vogaskóli | 2 stofur |

# Viðhald á skólahúsnæði

Byggingadeild borgarverkfræðings sér um viðhald skólahúsnæðis samkvæmt verkáætlun í samvinnu við Fræðslumiðstöð. Tilfallandi viðhald skólahúsnæðis er í höndum Fræðslumiðstöðvar. Í 6 skólum var gerð tilraun með að flytja fjármagn vegna tilfallandi viðhalds til skólanna sjálfra.

### Austurbæjarskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

### Álftamýrarskóli
Flísar í íþróttahúsi endurnýjaðar. Almenn viðhaldsþjónusta.

### Árbæjarskóli
Loftplötur í íþróttasal endurnýjaðar og þak yfir sundlaug. Lagfæringar á loftræstikerfi. Almenn viðhaldsþjónusta.

### Ártúnsskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

### Borgaskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

### Breiðagerðisskóli
Björgunarop sett á íþróttasal. Gólf einangrað í vesturálmu. Hitalagnir endurnýjaðar í austurálmu. Almenn viðhaldsþjónusta.

Breiðholtsskóli
Útiljós sett upp og einnig lagfærð lýsing í sal vegna mötuneytis. Almenn viðhaldsþjónusta.

Dalbrautarskóli
Frárennsli athugað og lagfært vegna ólyktar. Almenn viðhaldsþjónusta.

Einholtsskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

Engjaskóli
Hönnun útsogs í málmsmíðastofu. Almenn viðhaldsþjónusta.

Fellaskóli
Gengið frá eftirstöðvum utanhússklæðingar á barnaálmu. Almenn viðhaldsþjónusta.

Foldaskóli
Rafmagnstafla endurnýjuð í húsi 2. Almenn viðhaldsþjónusta.

Fossvogsskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

Grandaskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

Hagaskóli
Endurnýjun raflagna.
Gólfdúkur endurnýjaður í sal.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Hamraskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

Háteigsskóli
Töflulýsing bætt. Almenn viðhaldsþjónusta.

Hlíðarhúsaskóli
Eitt af fyrrverandi heimavistarhúsum á lóð Vesturhlíðarskóla undirbúið fyrir nýtt hlutverk, þ.e. skóla fyrir nemendur með geðrænan og hegðunarlegan vanda.

Hlíðaskóli
Flísar í böðum íþróttahúss endurnýjaðar og þéttar.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Hólabrekkuskóli
Viðgerð á 1. áfanga.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Húsaskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

Hvassaleitisskóli
Þak á 1. áfanga endurnýjað.
Flóttaleið gerð frá íþróttasal.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Klébergsskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

Korpuskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

Langholtsskóli
Hluti loftræstikerfis endurnýjaður.
Raflagnir í 3. áfanga endurnýjaðar.
Almenn viðhalsþjónusta.

Laugalækjarskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

Laugarnesskóli
Slípun og lökkun á þiljum og körmum í tveimur stofum.
Einnig var þak málað.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Melaskóli
Gólf í íþróttasal slípað og lakkað og þiljur í tveimur stofum.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Réttarholtsskóli
Endurnýjun raflagna.
Endurnýjun járns á íþróttahúsi.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Rimaskóli
Hönnun afsogsháfa í kennslueldhúsi.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Safamýrarskóli
Kjallaratröppur lagfærðar. Almenn viðhaldsþjónusta.

Selásskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

Seljaskóli
Lagfæring í aðstöðu skóladagvistar.
Þök endurnýjuð í tveimur tengigöngum.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Vesturbæjarskóli
Almenn viðhaldsþjónusta.

Vesturhlíðarskóli
Nýtt brunaviðvörunarkerfi sett upp.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Vogaskóli
Dúkar endurnýjaðir í sal og sérkennslustofu.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Ölduselsskóli
Endurnýjun klæðningar í loftum.
Almenn viðhaldsþjónusta.

Öskjuhlíðarskóli
Loftræstistokkur endurnýjaður og settur gólfdúkur í stað teppa.
Almenn viðhaldsþjónusta.



*Tafla 3.34*

## Yfirlit yfir fjölda tölva í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2001[1]

| Skóli | Starfsfólk – Mac | Starfsfólk – PC tölvur | Starfsfólk – PC-fistölvur | Starfsfólk – Alls tölvur fyrir Mac | Nemendur – Mac | Nemendur – PC-tölvur | Nemendur – PC-fistölvur | Nemendur – Alls nemendatölvur | Heildarfjöldi tölva | Fjöldi nemenda 1. okt 2001 | Fjöldi nemenda um hverja tölvu 2001 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurbæjarskóli | 1 | 31 | 3 | 35 | | 50 | | 50 | 85 | 600 | 12,0 |
| Álftamýrarskóli | 1 | 23 | 2 | 26 | | 60 | | 60 | 86 | 364 | 6,1 |
| Árbæjarskóli | 2 | 33 | 3 | 38 | | 59 | 15 | 74 | 112 | 793 | 10,7 |
| Ártúnsskóli | 1 | 14 | 1 | 16 | | 22 | | 22 | 38 | 200 | 9,1 |
| Borgaskóli | | 15 | 1 | 16 | | 43 | | 43 | 59 | 315 | 7,3 |
| Breiðagerðisskóli | | 24 | 2 | 26 | | 35 | | 35 | 61 | 375 | 10,7 |
| Breiðholtsskóli | 4 | 26 | 1 | 31 | 1 | 50 | | 51 | 82 | 593 | 11,6 |
| Engjaskóli | | 17 | 2 | 19 | | 23 | | 23 | 42 | 466 | 20,3 |
| Fellaskóli | 3 | 28 | 3 | 34 | 2 | 52 | | 54 | 88 | 528 | 9,8 |
| Foldaskóli | 3 | 34 | 3 | 40 | | 63 | | 63 | 103 | 681 | 10,8 |
| Fossvogsskóli | 1 | 18 | 3 | 22 | 2 | 51 | | 53 | 75 | 340 | 6,4 |
| Grandaskóli | | 18 | 3 | 21 | | 38 | | 38 | 59 | 408 | 10,7 |
| Hagaskóli | | 23 | 2 | 25 | | 42 | | 42 | 67 | 518 | 12,3 |
| Hamraskóli | | 20 | 2 | 22 | | 26 | | 26 | 48 | 372 | 14,3 |
| Háteigsskóli | 5 | 19 | 8 | 32 | 3 | 36 | | 39 | 71 | 391 | 10,0 |
| Hlíðaskóli | | 20 | 7 | 27 | | 51 | 15 | 66 | 93 | 543 | 8,2 |
| Hólabrekkuskóli | 1 | 23 | 4 | 28 | | 51 | | 51 | 79 | 588 | 11,5 |
| Húsaskóli | 1 | 26 | 8 | 35 | 0 | 22 | 0 | 22 | 57 | 493 | 22,4 |
| Hvassaleitisskóli | 3 | 14 | 2 | 19 | 6 | 44 | | 50 | 69 | 335 | 6,7 |
| Ingunnarskóli | | 5 | 3 | 8 | | | 10 | 10 | 18 | 29 | 2,9 |
| Klébergsskóli | | 6 | 2 | 8 | | 16 | | 16 | 24 | 143 | 8,9 |
| Korpuskóli | | 1 | 3 | 4 | | 30 | 20 | 50 | 54 | 148 | 3,0 |
| Langholtsskóli | 1 | 21 | 2 | 24 | 4 | 45 | | 49 | 73 | 524 | 10,7 |
| Laugalækjarskóli | | 9 | 1 | 10 | | 19 | | 19 | 29 | 172 | 9,1 |
